

NORÐURLAND VESTRA

Staldraðu við

NÝR TÍMI – NÝTT UPPHAF



NAFN SVEITARFÉLAGS:

Húnaþing vestra




FJÖLDI ÍBÚA:

1142 þann 1. desember 2008.

STÆRÐ SVEITARFÉLAGS, HVAR BYRJAR ÞAÐ OG HVAR ENDAR ÞAÐ:

Öll Vestur-Húnavatnssýsla frá Hrótafjarðará í vestri að Gjúfúrá í austri.



HELSTU FJARLÆGÐIR:

Hversu langt er sveitarfélagið frá Reykjavík: 197 km.

Frá Akureyri: 203 km.

FRÁ ÖÐRUM SVEITARFÉLÖGUM Á NORÐURLANDI VESTRA :

Frá Blönduósi 58 km.

Frá Sauðárkróki 110 km.

Frá skiðasvæðinu í Tindastól 100 km.

ÝMIS ÞJÓNUSTA

Í HÚNAÞINGI VESTRA:

- Leikskólinn Ásgarður á Hvammstanga og leikskóladeild í Viðidal.
- Grunnskóli Húnaþings vestra með kennslustaði á Hvammstanga og Laugarbakka.
- Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.
- Tannlæknastofa.
- Sjúkrapjálfun.
- Framhaldsskóli er ekki starfandi í Húnaþingi. Íbúar sækja þess vegna framhaldsnám víða m.a. í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra sem Húnaþing vestra er stofnaðili að. Þá stunda margir íbúar fjarnám af einhverju tagi en sveitarfélagið rekur sérstaka fjarnámsstofu og hefur sú aðstaða komið að góðum notum. Farskólinn, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, er einnig með töluvert námsframboð sem margir nýta sér.
- Háskólanám er sótt vítt og breitt um landið eftir áherslum hvers og eins.

Í Húnaþingi vestra er íbúum boðið upp á fjölbreytta og góða þjónustu af hálfu sveitarfélagsins. Má þar m.a. nefna eftirfarandi:

- Heimilisþjónusta og dagvist fyrir aldraða.
- Fjölbreytt félagsleg þjónusta.

- Leiguíbúðir fyrir aldraða.
- Almennar og félagslegar leiguíbúðir.
- Þjónusta við fatlaða.
- Leikskóli á Hvammstanga og leikskóladeild í Viðidal.
- Tónlistarskóli með fjölbreyttu námsframboði.
- Grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, kennslustaðir á Hvammstanga og Laugarbakka.
- Félagsmiðstöð fyrir börn og ungmennt.
- Bóka- og skjalasafn.
- Íþróttahús og sundlaug og íþróttavallarsvæði. Íþróttaiðkendum úr dreifbýli eru greiddir ferðastyrkir og frístundakort eru í boði auk þess sem börn og ungmennt á grunnskólaaldri, eldri borgarar og öryrkjar hafa frían aðgang að íþróttamiðstöð.
- Þess utan stendur íbúum til boða önnur fjölbreytt opinber þjónusta.

Húnaþing vestra er landbúnaðarhérað þar sem hefðbundinn búrekstur er undirstöðuatvinnugreini. Þjónustan sem tengist landbúnaðinum hefur byggst upp og þróast á liðnum árum. Atvinnulíf í Húnaþingi vestra einkennist þó af mikilli fjölbreytni. Þar er um að ræða fjölbreytta opinbera þjónustu m.a. af hálfu sveitarfélagsins, heilbrigðisstofnunarinnar og fæðingarorlofsfjós svo og starfsemi fjölmargra iðnaðar- verslunar- og þjónustufyrirtækja.

Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Grunnskóli Húnaþings vestra og Sláturhús KVH ehf. eru stærstu vinnustaðir í Húnaþingi vestra.

Möguleikar til afþreyingar í Húnaþingi vestra er fjölmargir m.a. má nefna:

- Sundlaug á Hvammstanga með nuddpott og vaðlaug fyrir börn.
- Heitir pottar á Laugarbakka.
- Söfn m.a. Byggðasafn á Reykjum, Selasetur Íslands, verslunarminjasafn
- Sela- og fuglaskoðun.
- Lax- og silungsvæði.
- Skotveiði.
- Skiði og vetrarsport.
- Mótorsport.
- Hestamennska – hestaleiga.
- Íþróttir af öllu mögulegu tagi.
- Virkt félags- og menningarlíf.



■ KRISTINN KARLSSON HJÁ KIDKA

Prjónahönnuður á Hvammstanga



Prjónastofan Kidka starfar á Hvammstanga en á staðnum hefur verið prjónastofa í um 36 ár. Eigandi Kidku er Kristinn Karlsson sem keypti prjónastofuna fyrir rúmu ári síðan. Kristinn vann á prjónastofu á Hvolsvelli þar sem hann bjó áður en hann flutti norður fyrir 10 árum til þess að vinna á prjónastofunni á Hvammstanga.

–Ég var að vinna á prjónastofu fyrir austan áður en mér bauðst að koma og vinna hérna, segir Kristinn sem auk þess að eiga stofuna er aðalhönnuður á öllu prjóni fyrirtækisins. K i d k a framleiðir peysur, húfur, vettlinga, trefla og sjöl svo eitthvað sé upptalið auk þess sem fyrirtækið sendir gríðarlegt magn prjónaðra voða til Moskvu á ári hverju þar sem prjónaðar eru flíkur fyrir Rússlandsmarkað úr voðunum. –Ætli það fari ekki svona 12 – 14 tonn af voðum frá mér árlega en ég sendi fjóra gáma að meðaltali út. Salan hefur verið góð og aukist eftir að krónan veiktist aftur, segir Kristinn.

Kidka framleiðir vörur undir vörumerkinu Freyja og er hægt að kaupa framleiðslu fyrirtækisins hjá Handprjónasambandinu, hjá Víking á Akureyri auk þess sem Kristinn rekur verslun á Hvammstanga. Munstrin eru falleg og peysur og fylgihlutir vel hannað. Svo vel hannað að blaðamaður þarf að halda aftur af sér til þess að taka ekki hálfan lagerinn með sér heim. Hvernig skyldi prjónavarna seljast? –Það selst vel. Fyrirsumar var metsumar og núna fyrir jólin seldi ég líka mjög vel. Útlendingarnir eru mikið í peysunum en íslendingar eru duglegri við húfurnar, vettlingana og treflana.

Fyrir utan að hafa lært á prjónavélar og

farið á námskeið í kringum þær er Kristinn algjörlega sjálfmenntaður í iðninni. –Ég var upphaflega bara í að prjóna en fór síðan að fíkta við að hanna sjálfur munstur og litasamsetningar. Það gekk vel hjá mér svo ég fór alfarið í að hanna mína vöru sjálfur, segir Kristinn og ég horfi á hann örlítið efins. Er engin kona að hjálpa þér með litasamsetningar, spyr ég kvenrembulega? Kristinn hlær af spurningunni; –Nei, ég geri þetta alveg sjálfur, segir hann og glottir.

Margir kannast við Norsku peysurnar sem hafa verið lengi í sölu og segir Kristinn þær vera svolítið stoltið sitt og jafnframt segir hann að íslendingar séu duglegir við að kaupa norsku peysurnar þó svo að aukning hafi orðið í hinu líka.

Erðu alltaf að keyra á þessu sama eða er mikið um nýjungar? –Maður reynir að vera með eitthvað nýtt á hverju ári, bæði hvað varðar snið, munstur og litasamsetningar.

Alls eru fjögur stöðugildi hjá Kidka. –Við erum í dag eingöngu prjónastofa en hér áður fyrr var mikið saumað hér líka. Nú sendi ég allt sem saumað er fyrir innanlandsmarkað í saumastofuna Þing sem er hér inni í Vatnsdal en þau sauma allt fyrir mig. Þar starfa líka fjórir einstaklingar. Ætli megi því ekki segja að bein og óbein störf prjónastofunnar séu um 6.

Hvernig er að reka svona fyrirtæki frá Hvammstanga? –Það er ágætt nema hvað túristatrafíkin í búðina mætti vera meiri en hún eykst þó ár frá ári. Það er mjög gott að búa hérna, þægilegt að vera með börn og frábært menningarlíf og í raun allt þetta hefðbundna sem fylgir svona litlum stöðum. Eins er það kostur að á svona stað er maður með stöðug vinnukraft sem er í mínum huga stór kostur. Eins er ekkert vandamál að koma frá sér vöru því héðan eru daglegar ferðir. Það eina sem ég gæti kvartað yfir er flutningskostnaður en á móti kemur að það er margfalt ódýrara að leigja hér húsnæði en í Reykjavík.

Hvaða augum lítur þú framtíðina? –Hún er björt, ekki síst meðan gengið er hagstætt fyrir útflutning. Þetta var erfitt meðan krónan var sem sterkust en ég vil meina að hún hafi verið vitlaus á þeim tíma því hún var að drepa allan iðnað. Nú þarf bara að finna þetta jafnvægi, segir Kristinn að lokum.



Hið margrómaða Fjörulaðborð á Vatnsnesi.

■ HÚNAÞING VESTRA

Hátíðir árið um kring

Félagslíf er fjörukt og mikið í Húnaþingi vestra. Þar eru starfrækt tvö leikfélög, kórar, söfn, kvenfélög, spilafélög, björgunarsveit, íþróttafélög og fleira og fleira. Þá setja hátíðir skemmtilegan svip á félagslíf heimamanna og er af nægu að taka hvað hátíðarhöld varðar. Allar nánari upplýsingar um hátíðir og ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra má finna á www.northwest.is

Fjörulaðborðið

Fyrir utan þorablót og árshátíðir er Fjörulaðborð Húsfreyjanna á Vatnsnesi fyrsta stóra hátíð ársins en hlaðborðið hefur s.l. 20

ár verið haldið í kringum Jónsmessu. Í ár verður hlaðborðið haldið 20. júní. Húsfreyjurnar á Vatnsnesi eru samtök kvenna sem eiga á einhvern hátt

rætur sínar að rekja á Vatnsnesið auk þess sem auka konur hafa slægst inn í félagsskapinn síðustu ár. Fjörulaðborðið er haldið við félagshemilið

Hamarsbúð á Vatnsnesi en á hlaðborðinu er boðið upp á ýmsa rétti sem hér áður fyrir þóttu hversdagslegir og sjálfsagðir en sjást sjaldan í dag. Ekki eru konurnar þó alveg fastar í gamla tímanum heldur eru þær óhræddar að blanda gömlum hefðum saman við nýjustu tiskustrauma í matargerð. Sem dæmi má þar nefna Hrefnubollur með súrsætri sósu.

Á Fjörulaðborði er boðið upp á blóðpönnukökur, reyktan rauðmaga, ábresti úr kindum og kúm, kviðsvið sem eru reyktir hrútsþungar, selshreifa, selkjöt, svartfugl, hettumáfsegg og svona mætti telja áfram endalaust.

Hlaðborðið er gríðarlega vel sótt og fyrir ágóðann hafa konurnar gefið til viðbyggingar Hamarsbúðar, Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga auk þess að styðja við fjölskyldur sem ganga í gegn um erfiðleika.

Fjörulaðborðið er tilvalið fyrir þá sem þora og vilja upplifa og prófa eitthvað alveg nýtt.

Eldur í Húnaþingi

Eldur í Húnaþingi er ungmennahátíð sem haldin er í lok júlí ár hvert. Hátíðin einkennist af listum og menningu unga fólksins og hefur

verið vel sótt. Hápunktur hátíðarinnar ár hvert eru tónleikar í Borgarvirki en þar hafa komið fram m.a. Ragnhildur Gísladóttir og KK svo einhverjir séu nefndir.

Hátíðin hefur verið alfarið í höndum ungmenna í sveitarfélaginu og fjármagnar sig sjálf en hátíðin spratt upp úr verkefninu Ungt fólk og atvinna sem haldið var á vegum sveitarfélagsins árið 2003.

Eldur í Húnaþingi er fjölskylduhátíð og sérstaklega þykir stórkostlegt að taka þátt í tónleikunum í Borgarvirki.

Grettir sterki

Grettir sterki er menningardagskrá og kraftakeppni sem haldin hefur verið á vegum félagsskaparins Grettistak í Húnaþingi vestra. Í ár verður kraftakeppnin haldin að Bjargi í Miðfirði en það er Andrés Guðmundsson sem hefur umsjón með henni.

Víðidals-tungurétt

Víðidals-tungurétt er stærsti mannfagnaður í Húnaþingi vestra og er haldin 1. laugardag í október. Réttin verður með hverju árinu sem líður meiri og meiri útihátíð með tilheyrandi upptökum.

Á meðan á réttarstörfum stendur og í tengslum við hana eru haldnir gamaldags réttardansleikir. Tiltölulega auðvelt er að komast í smölum dagana fyrir réttir og bjóða margir ferðaþjónustuaðilar upp á göngur sem henta hverjum og einum.

Sviðamessa

Í október kemur síðan að Sviðamessu Húsfreyjanna á Vatnsnesi. Sviðamessan var haldin fyrst árið 1998 og hefur síðan þá slegið öll met. Fyrsta árið var Sviðamessan aðeins haldin eitt kvöld en fljótlega eftir það þurfti að fjölga kvöldunum í tvö og í fyrra dugði ekkert minna en þrjú kvöld.

Eins og lög gera ráð fyrir er ekki boðið upp á neitt annað en svið á Sviðamessu, Ný, söltuð og reykt að ógleymdum sviðalöppum og kviðsviðum. Allt er þetta síðan borið fram með kartöflum og rófustöppu. Sviðamessan er í Hamarsbúð en auk heimamanna sækja hana stórsöngvarar, alþingismenn og fleiri fyrirmenni.

■ GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ

Framboð af félagslífi og afþreyingu kom mér á óvart

Leó Örn Þorleifsson er 34 ára forstöðumaður Vinnumála-stofnunar – Fæðingarorlofssjóðs. Leó er með stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1995, Embættispróf í lögfræði (cand.jur) frá Háskóla Íslands 2006, Héraðsdómslögmanns-réttindi (hdl.) 2008. Hann er í sambúð með Ölmú Láru Hólmsteinsdóttur og búa þau á Hvammstanga með fjórum börnum sínum.

Hvað kom til að þú fluttir á þennan stað? –Ég flutti á Hvammstanga vinnu minnar vegna. Áður en fjölskyldan flutti höfðum við þó kynnt okkur vel hvað staðurinn hefði upp á að bjóða. Kom okkur talsvert á óvart hversu mörg fyrirtæki og stofnanir voru á svæðinu. Má þar t.d. nefna heilbrigðisstofnun með tveimur læknum, tannlækni, kaupfélag heimamanna, sparisjóð, pósthús, nýlegt íþróttahús, góða sundlaug, bókasafn og iðnaðarmenn svo fátt eitt sé nefnt.

Hafðir þú komið þangað áður? –Já, einu

sinni áður. Ég hef þá verið 10 – 12 ára gamall og var að spila knattspyrnuleik með KA á móti Kormáki.

Hvernig líkar þér? –Mér líkar ákaflega vel á Hvammstanga. Hér er gott að ala upp börn í öruggu umhverfi þar sem bæði er góður leikskóli og grunnskóli með faglærðum kennurum í öllum stöðum. Almenn er þjónustustigið gott á Hvammstanga og atvinnulíf nokkuð fjölbreytt með miklum möguleikum fyrir duglega einstaklinga.

Hvernig gekk maka þínum að finna vinnu? –Henni gekk það mjög vel. Hún starfar núna á leikskólanum Ásgarði.

Eitthvað sem kom á óvart? –Það sem kom mér einna helst á óvart er hversu mikið framboð er af félagslífi og afþreyingu á staðnum.

Hvernig gekk að komast inn í samfélagið? –Það hefur gengið mjög vel að komast inn í samfélagið og í raun mun betur en við hefðum þorað að vona.

Hverjir eru helstu kostir þess að búa á litlum stað úti á landi? –Helstu kostirnir eru þeir að hraðinn á öllu er miklu minni, vegalengdir styttri og samskipti almennt persónulegri. Meiri ró er yfir fólki og að mörgu leyti hefur fólk önnur viðmið en í



stóru bæjunum á Íslandi. Ungt fólk getur komið sér upp heimili án þess að sökkva sér í skuldafen og þannig átt áhyggjulausara og betra líf. Fólk græðir tíma og hefur því almennt meiri tíma til að sinna fjölskyldunni og áhugamálum.

En gallar? –Helstu gallarnir eru kannski þeir að á minni stöðum er ekki öll sérfræðiþjónusta í boði. Maður getur því þurft að sækja hana annað.

Ert þú komin til þess að vera? –Við festum kaup á einbýlishúsi á Hvammstanga í fyrra og erum því ekki á leið í burtu, enda líkar okkur vel.

Á Hvammstanga er bakari, gullsmiður og tannlæknir! – Glæsilegt handverksgallerí er á Hvammstanga!

■ UNNUR OG MAGNÚS Á LAUGARBAKKA

Hér er allt til alls

Unnur Haraldsdóttir, deildarstjóri bókhaldsdeildar Forsvars og **Magnús Freyr Jónsson**, framkvæmdastjóri sláturhúss KVH, hafa búið á Laugarbakka í bráðum þrjú ár, en þau sækja bæði vinnu á Hvammstanga. Þau hjón una sér vel á landsbyggðinni en játa að hér áður hefðu þau furðað sig á þegar þau keyrðu framhjá stöðum líkt og Laugarbakka að fólk skyldi velja að búa á svona stöðum.

–Já, svona er þetta stundum, segir Unnur og brosir. Þegar Magnúsi stóð til boða vinnan í sláturhúsinu segir Unnur að þau hafi farið beint á netið til þess að sjá hvaða þjónusta væri í boði fyrir börnin. –Okkur leist strax vel á þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir, bæði hvað varðar leik- og grunn- og tónlistarskóla auk þess sem hér er öflugt íþróttalíf. Staðurinn leit því út fyrir að hafa upp á allt að bjóða nema hvað við fengum ekki húsnæði á Hvammstanga fyrst í stað heldur á Laugarbakka. Fyrsta árið fluttum við tvisvar á milli íbúða og höfum því búið í þremur af fimm íbúðum Laugarbakkaskóla. Það var svo stutt að fara að við löbbum bara með húsgögnum á milli, rifjar Unnur upp og hlær.

Þrátt fyrir að húsnæðið á Laugarbakka hafi átt að verða til bráðabirgða hafa þau ílangst þar og segjast una hag sínum vel enda séu þau ekki nema rétt um 6 mínútur að renna inn á Hvammstanga til vinnu.

En hvað skyldi hafa rekið borgarbörnin út á land? –Við kynntumst á Bifrost og áður hafði ég unnið vítt og breitt bæði úti á landi og erlendis þannig að ég var

ekki tengdur borginni þannig, svarar Magnús og Unnur bætir við. –Eftir skólann fluttum við suður og vorum með barn í skóla. Þá fundum við að við vildum frekar ala börnin upp úti á landi og fluttum í Króksfjarðarnes þar sem Magnús fékk vinnu og í framhaldinu hingað.

Purftu ekki einu sinni að skipta um tannlækni

Þau Unnur og Magnús segjast ekki hafa átt nein tengsl á Hvammstanga þegar þau fluttu þangað en vilja meina að það hafi ekki verið nein fyrirstaða. –Kannski er maður bara að verða svona vanur því að koma sér fyrir á nýjum stað ég veit það ekki. En þetta var lítið mál og börnin eru alsæl. Stelpan er á kafi í félagslífi og hefur eiginlega of mikið að gera ef eitthvað er. Hér er allt til staðar góð lækniþjónusta, tannlæknir og sjúkrahjálpari sem er ekkert endilega sjálfgefið á þessum minni stöðum, segir þau. –Við þurftum meira að segja ekki að skipta um tannlækni, því tannlæknirinn hérna vinnur líka í Búðardal og við vorum byrjuð hjá honum þegar við



bjuggum í Króksfjarðarnesi, segir Unnur.

Hvað með ykkur sjálf, eruð þið í einhverjum félagsstörfum?

–Við vorum í þorrablótsnefnd þetta árið, sem var mjög skemmtilegt og ný reynsla fyrir okkur bæði segir Unnur. –Síðan er ég í spilaklúbbi sem hittist einu sinni í viku og spilar Kínaskák. Maggi er í fótbolta þrisvar í viku og svo erum við í matarklúbbi á Gauksmýri, svo það er nóg að gera og gæti verið meira ef við hefðum tíma til svarar Unnur.

Förum ekki suður nema eiga erindi

–Annars getur hlutur eins og að fara í kaupfélagið að kaupa mjólk orðið félagslegur atburður hér því maður hittir fólk sem maður þekkir og lendir í spjalli. Önnur upplifun en að fara t.d. í Bónus þegar við bjuggum í borginni, bætir Magnús við.

Atvinnulega séð hafa þau Magnús og Unnur komið sér vel fyrir. Hann er yfirmaður sláturhússins en þar vinna að jafnaði um 20 manns. –Utan sláturtíðar erum við aðallega í grófvinnslu á nauta- og hrossakjöti útskýrir Magnús en sláturhúsið á Hvammstanga er í eigu Kaupfélags Vestur-Húnavetninga og Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki.

Unnur er líkt og áður sagði deildarstjóri bókhaldsdeildar Forsvars en Forsvar er fyrirtæki á sviði bókhalds, hugbúnaðargerðar, fjarvinnslu, umboða og rekstrarráðgjafar og tekur að

sér verkefni fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir um land allt. –Fjarlægðir eru ekki vandamál í okkar huga og skipta í raun engu máli, útskýrir Unnur en hjá Forsvari vinna 9 manns.

Unnur og Magnús segja að ekki séu nema um 190 km til Reykjavíkur og því séu þau ekki nema 2 – 2 1/2 tíma að keyra. –Við förum reyndar ekki suður nema eiga þangað brýnt erindi eða til að hitta fjölskylduna. En það tekur enga stund að renna í bæinn ef það er málið. Suðurferðirnar koma svona í törnum, stundum hittist þannig á að við þurfum að fara tvisvar, þrisvar á tveggja mánaða tímabili og síðan koma tímabil sem við förum minna. Fyrir utan fjölskylduna er fátt sem við söknum frá Reykjavík.

Svo þið eruð komin til þess að vera? –Alla vega í augnablikinu. Auðvitað á maður aldrei að segja aldrei en við erum mjög ánægð hérna, segir þau Unnur og Magnús að lokum.

Sveitahóтелиð á Gauksmýri er staðsett mitt á milli Akureyrar og Reykjavíkur

■ FASTEIGNAFÉLAGIÐ BORG

Mörg góð tækifæri til atvinnurekstrar

Fasteignafélagið Borg ehf er rekið á Hvammstanga og er megin tilgangur félagsins að eiga og reka fasteignir sem síðar eru leigðar út til atvinnustarfsemi. **Karl Sigurgeirsson** er framkvæmdastjóri fasteignafélagsins.

Fasteignafélagið Borg varð upphaflega til í kringum kaup á húsnæði sauma- og þrjónastofu sem rekin var af Drífu ehf á Hvammstanga. –Húsnæðið var byggt um 1998 en félagið sem átti húsnæðið lenti í hremmingum og því varð niðurstaðan að kaupa húsið af þeim og leigja það síðan til áframhaldandi þrjónastofureksturs. Upphaflega voru það Byggðastofnun og Sparisjóður Húnaþings og Stranda sem voru burðarrásar í félaginu en í dag eru hluthafarnir orðnir 70. Hluthafar og rekstur

Borgar er ekki einskorðað við Húnaþing vestra heldur eru hluthafar búsettir víða á landinu.

Markmið félagsins er að kaupa og leigja fasteignir auk viðskipta með hlutabréf og verðbréf. Félagið á þrjár fasteignir. Saumastofuhúsið hér, hús á Sauðárkróki sem er leigt undir prentsmiðjurekstur og síðan hús Sæferða í Stykkishólmi. Félagið sem er sex ára gamalt hefur vaxið jafnt og þétt og sl. áramót var eigið fé þess um 60 milljónir.

„Eins og formaður félagsins sagði á aðalfundi þess á dögunum þá erum við varfærð félag. Við erum að skoða kaup á einni til tveimur fasteignum til viðbótar en til þess að það geti gengið þurfum við að finna tryggja leigjendur. Eins kemur til greina að fjárfesta í húsnæði, sé tryggur leigutaki til staðar. Kidka ehf, sem er leigjandi félagsins á Hvammstanga hefur sagt upp hluta þess húsnæðis sem hún leigir. Félagið þarf því

að finna góðan leigjanda að því húsnæði, en um er að ræða mjög gott húsrými á einu gólfi með góðri aðkomu“, segir Karl.

Karl segir að það séu fjölmargar ástæður fyrir því að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu ættu að taka sig upp og flytja starfsemi sína út á land. „Hér er hagstætt leiguverð á atvinnuhúsnæði, en þegar verðið var hæst á höfuðborgarsvæðinu var leigan hér ekki nema ¼ af því sem þar tíðkaðist. Þá er örugglega ekki síðra vinnuafli að fá úti á landi og minni starfsmannavelta. Þá má benda á að við erum miðsvæðis miðað við að flytja vörur á innlenda markaði, en héðan eru daglegar ferðir á höfuðborgarsvæðið og ágæt þjónusta til norðurs. Auðvitað skiptir flutningskostnaður máli og þá hversu fyrirferðarmikil eða dýr varan er. Hér er rekið sláturhús og því tilvalið að fara af stað með rekstur sem vinnur úr hráefni sem verður til á staðnum. Ég tel okkur því góðan valkost fyrir þá sem treysta sér til þess að hefja rekstur nú eða færa sig til með eldri rekstur. Það er afl í Fasteignafélaginu Borg til þess að nýta og það er allt ekki bara bundið við Hvammstanga eða Vestur-Húnavatnssýslu heldur



horfum við til ýmissa kosta. Margir rekstaradilar sjá sér hag í því að þurfa ekki að sjá fyrir húsnæðiskosti heldur vilja frekar leigja“ segir Karl.

Er pláss fyrir fleiri fyrirtæki í Húnaþingi vestra? „Já, það myndi ég telja sannarlega. Við erum landfræðilega vel staðsett, hér er engin snjóflóðahætta, engir jarðskjálftar og ég tel svæðið hér eiga alla möguleika til vaxtar.

Hér er verið að byggja upp íbúðarhúsnæði og umgjörð samfélagsins hefur alla burði til þess að taka á móti fólki og fyrirtækjum. Atvinnulíf hér er í reynd afar fjölbreytt. Hér er góður leikskóli og grunnskóli

upp í 10. bekk, íþróttastaða, góð aðstaða til fjarrenntunar auk öflugrar heilbrigðisþjónustu. Ágæt matvöruverslun og byggingavöruverslun í eigu KVH, bókhaldsþjónusta, bakarí, þvottahús, gullsmiður og svona gæti ég haldið áfram.“

Í héraðinu er öflugur landbúnaður og úrvinnsla kjötafurða er á staðnum. Ekki má gleyma möguleikum til aukningar ferðaþjónustu en hér eigum við mikla ósnortna náttúru, frábær heildarlönd með veiðivötnum, fjölbreytt fuglalíf, veiðiár í heimsklassa, svo sitt hvað sé talið. Það er gott að búa í Húnaþingi“ segir Karl að lokum.



■ SKÚLI ÞÓRÐARSON SVEITARSTJÓRI

Allar forsendur fyrir kröftugu atvinnulífi

Skúli Þórðarson er sveitarstjóri í Húnaþingi vestra. Ýmislegt er í deiglu og verður á næstu misserum áhersla lögð á að virkja vaxtarsprotu, efla þá og styrkja.

Hvað er það helst sem sveitarfélagið er að framkvæma þessa dagana?

–Fyrir utan snjómokstur og annan daglegan rekstur erum við þessa dagana að undirbúa framkvæmdir sem eru á fjárhagsáætlun ársins 2009, bæði nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni. Um er að ræða verkefni m.a. í gatnagerð, gangstéttarframkvæmdir, framkvæmdir í umhverfismálum, heitur pottur á útsvæði sundlaugar, lýsing heimreiða í dreifbýli, byggingu þjónustuhúss á tjaldsvæði í Kirkjuhvammi, lagningu hitaveitu í hesthúshverfi, byggingu fráveitumannvirkja og margt fleira. Þrátt fyrir það sem hér er upptalið skal þess getið að einstök verkefni geta mögulega fallið út og önnur komið í þeirra stað. Vegna mikillar óvissu sem ríkir í rekstarumhverfi sveitarfélaga hefur sveitarstjórn samþykkt að fjárhagsáætlun ársins verði tekin til endurskoðunar í aprílmánuði n.k. og því geta þessi áform mögulega breyst.

En hvað atvinnumálin varðar er eitthvað spennandi í spilunum þar?

–Eins og ávallt eru sveitarstjórnarmenn með hugann við atvinnumálin. Ástandið í efnahagsmálunum er í augnablikinu ekki sérstaklega hagfellt nýfjárfestingu í atvinnulífi a.m.k. ekki ef afla þarf lánsfjár. Þrátt fyrir það eru möguleikar til að virkja fjölmarga vaxtarsprotu sem koma upp við þær

aðstæður sem nú eru. Þessa sprota þarf að passa upp á, styrkja og efla með virkri atvinnuráðgjöf og öðrum stuðningi sveitarfélaga og opinberra stofnana.

Ertu hjartsýnn á næstu ár atvinnulega séð?

–Já, ég er ágætlega hjartsýnn. Það er þó háð því að stjórnvöld nái sem fyrst tökum á efnahagsvandinum í kjölfar bankahrunsins sl. haust. Hér í Húnaþingi eru allar forsendur fyrir kröftugu atvinnulífi þannig eru landgæði, mannaflí og menntun fyrir hendi og hér er fólk jákvætt að eðlisfari. Húnaþing vestra er landbúnaðarhérað og með vaxandi áherslu á innlenda framleiðslu, þá eru hér allar forsendur fyrir hendi hvað það varðar. Því er brýnt að stjórnvöld beini kröftunum í réttar áttir og láti innlenda framleiðslu njóta forgangs og beiti samtímis virkri byggðastefnu. Ráðstöfun opinbers fjár í því skyni er ekki soun eins og sumir halda fram heldur yfirlýsing um breytta forangangs-röðun nú þegar aðrar kennisetningar hafa beðið skipbrot.

Af hverju ætti fólk að taka sig upp og flytja í þitt sveitarfélag?

–Fólk ætti að gera það vegna þess að í Húnaþingi vestra er til staðar mjög fjölbreytt og góð þjónusta fyrir íbúa á öllum aldri.

Umhverfið er öruggt, hér passar fólk upp á hvert annað og þetta er fjölskylduvænt samfélag.

Húnaþing vestra er vel tengt. Hér eru tryggar samgöngur, héraðið er miðsvæðis milli Reykjavíkur og Akureyrar og hér er ekki yfirvofandi náttúruvá.

Hér er fjölbreytt félags- og menningarlíf og möguleikar til útivistar og náttúruskoðunar eru óþrjótandi.

Hér er gott fólk og gaman að búa.

■ SIGRÚN VALDIMARSDÓTTIR FRÁ DÆLI

Uppskrift að fjórum dögum í Húnaþingi vestra

Sigrún Valdimarsdóttir, ferðþjónustubóndi á Dæli í Víðidal, er formaður Ferðamálafélags Vestur Húnavatnssýslu. Sigrún segir að í Vestur - Húnavatnssýslu sé mikið líf í ferðþjónustu og fullyrðir að þar geti allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Það sé því engin ástæða til þess að keyra beint í gegn heldur staldröu við og skoða sig um.

Sigrún segir að ferðþjónustan sé fremur gömul atvinnugrein í sýslunni en frumkvöðlarnir hafi verið Staðarskáli og Arinbjörn á Brekkulæk. –Við erum að mér telst til 20 aðilar semerum í ferðþjónustu á ekki stærra svæði og ferðþjónustan er að mínu mati stöðugur og vaxandi atvinnuvegur, segir Sigrún en viðtal okkar fer fram í notalegum matsalnum í Ferðþjónustunni Dæli.

Sigrún segir að það sé svo skrítið að alltaf komi einar fimm dagsetningar í júlí þar sem allt fyllist bæði hjá sér og öðrum ferðþjónustuaðilum í sýslunni. –Þá er allt fullt en við stöndum vel saman og reynum að vísa hvert á annað hér í sýslunni það gengur þó ekki alltaf og ég hef endað á því að finna næstu lausu gistingu í Varmahlíð, segir Sigrún.

Ríkir þá ekki mikil samkeppni í greininni?

–Vissulega ríkir hér samkeppni, en það er góð samkeppni og við þjökkum okkur vel saman og hjálpumst að þegar það á við, svarar Sigrún brosandí.

Aðspurð segir Sigrún að það sé kannski ekki endilega pláss fyrir marga til viðbótar sem hafi lífibrauð á því að selja gistingu en hún segir að hins vegar vanti fólk í afþreyingarferðþjónustu. –Kannski vantar okkur bara að kynna okkur betur og fá fólk til þess að staldröu við. Hins vegar eru íslendingar búnir að uppgötva Vatnsnesið og Selasetrið en við þurfum að gera betur til þess að koma okkur á kortið. Sumarið í sumar lítur vel út, alla vega hjá mér, ég hef aldrei verið með jafn mikið af bókuðum ættarmótum og fyrir þetta sumar og eins eru bókanir frá erlendum ferðaskrifstofum síst síðri en undanfarin ár. Síðan fer aðgangurinn að tjaldstæðinu og önnur innlend ferðamannaumferð algjörlega eftir veðri. Ef veðrið er gott er mikið að gera og ef ekki, öfugt. Við erum með stórt aðstöðuhús við tjaldstæðið þar sem hægt að elda og borða inni ef þess er óskað, segir Sigrún.

Nú er ég fellihýsacigandi og mig langar að ferðast um Húnaþing vestra í sumar. Keyri ég ekki bara í gegn á dagparti og held síðan

áfram? –Aldeilis ekki, segir Sigrún og hlær. –Þú þarft í það minnsta að gera ráð fyrir fjórum dögum og ég lofa því að það verður nóg að gera alla dagana. Ég myndi byrja á að senda þig fyrir Vatnsnesið og bara sú ferð tekur daginn. Vatnsneshringurinn er um 90 km og þar er nóg að skoða og eins er mjög mikilvægt að fara réttan hring, segir Sigrún og ég verð eitt spurningamerki. Er þetta nú ekki bara sérviska spyr ég? –Nei, ef þú leggur upp frá Hvammstanga þá séðu Strandarfjöllin svo falleg en þú nærð ekki sömu áhrifum hinum megin frá.

Hin fullkomna langa helgi

Hana nú þar höfum við það. Vatnsneshringinn ber að fara réttan hring. –Áður en lagt er

í hringinn er tilvalið að koma við á Selasetrinu á Hvammstanga og hinum megin við götuna er verslunarmínjasafnið og Gallerí Bardúsa. Eftir að hafa skoðað þessi söfn þá er tilvalið að leggja í hann og við byrjum í Hamarsrétt og höldum þaðan út að Illugastöðum þar sem eru sérstakir selaskoðunarstaðir. Þar má líka kaupa sér kaffi. Eins eru Húsfreyjurnar á Vatnsnesi með kaffihlaðborð valda daga yfir sumarið. Því næst keyrum við að Ósum og niður að Hvítserk. Ferðin endar síðan í Borgarvirki sem er í Vestur Hópi. Þessi rúntur tekur daginn og síðan kemur fólk bara á sitt tjaldstæði og grillar og eyðir kvöldinu í rólegheitum.

Næsta dag er hægt að fara að veiða í Hópinu og síðan niður á Hvammstanga þar sem hægt er að fara í góða sundlaug, kíkja í alvöru Kaupfélag og skoða bæinn í rólegheitum. Næsta dag á eftir er hægt að fara upp á Arnavatnsheiði en þangað er hægt að fara á fólksbíl og þar er lítið mál að fara í veiði. Það er mikil veiði hér í kring og mörg vötn sem eru inn í Veiðikortinu. Persónulega finnst mér sjögengin bleikja úr Hópinu best. Nú fjórða daginn er síðan hægt að fara á hestaleigu og fara í reiðtúr og síðan kíkja á Gauksmýri þar sem verið er að koma upp Hrafnasetri. Nú og fara inn í Miðfjörð og skoða Byggðasafnið á Reykjum í Hrutafirði, eins og þú heyrir þá er nóg um að vera hér hjá okkur og ég hef örugglega gleymt einhverju í þessari upptalningu minni hér, segir Sigrún að lokum.

Eitt er víst að hún kveikti í blaðamanni og fellihýsið verður sett upp á góðum stað í Húnaþingi vestra eina langa helgi í sumar.



Það er mjög auðvelt að komast í vatnaveiði í Húnaþingi vestra

NAFN SVEITARFÉLAGS:

Húnavatnshreppur




FJÖLDI ÍBÚA:

426

STÆRÐ SVEITARFÉLAGS, HVAR BYRJAR ÞAÐ OG HVAR ENDAR ÞAÐ:

3800km². Í vestri við Gjúfurá (Viðdalsfjall). Í austri Vatnsskarð, í norðri Húnaflói, í suðri að jöklum (Hofsjökull/Langjökull).



HELSTU FJARLÆGÐIR:

Frá Reykjavík: 250 km

Frá Akureyri: 150 km

FRÁ ÖÐRUM SVEITARFÉLÖGUM Á NORÐURLANDI VESTRA :

Liggur að öðrum sveitarfélögum í Nv nema Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd ca. 25 km.

Frá skíðasvæðinu í Tindastól: ca. 30 km.

ÝMIS ÞJÓNSTA Í HÚNAÞINGI VESTRA:

- Grunnskóli og leikskóli eru á Húnavöllum en heilbrigðisþjónusta og elliheimili eru á Blönduósi.
- Íbúar hafa aðgang að framhaldsnámi hjá Farskóla Norðurlands vestra.
- Framhaldsskólanám sækja unglingar til Akureyrar og á Sauðárkrók.
- Sveitarfélagið rekur heimaþjónustu fyrir aldraða í gegnum sameiginlega félagsþjónustu á svæðinu, sem er með aðalstöðvar á Blönduósi. Þá er þjónusta við fatlaða sameiginleg með öðrum sveitarfélögum á svæðinu.
- Aðstaða fyrir sund, frjálssar íþróttir og boltaiþróttir á Húnavöllum.

140 lögbýli eru í Húnavatnshreppi auk þess sem ferðaþjónusta er rekin á nokkrum lögbýlum, hestaleiga og. fl. Ferðaþjónusta er rekin á Hveravöllum, Áfangaskála, Húnaveri, Dalsmynni.

- Tvær virkjanir eru í sveitarfélaginu; Blönduvirkjun og Laxárvatnsvirkjun.
- Þá eru þar gjöfular laxveiðiar og eru rekin um þær veiðifélög. eru þar helstar Blanda, Laxá á Ásum og Vatnsdalsá.
- Grunnskólinn á Húnavöllum er stærsti vinnustaður sveitarfélagsins, þar næst leikskólinn og Blönduvirkjun.
- Hefðbundinn landbúnaður, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla eru grunnstoðir atvinnulífsins.


Ýmis afþreyingarúrræði eru í boði í Húnavatnshreppi s.s. útisundlaug á Húnavöllum, golfvöllur við Vatnahverfi.

Mikil veiði er í sveitarfélaginu. Laxveiði í Blöndu, Svartá, Laxá á Ásum og Vatnsdalsá. Silungsveiði í Svinavatni, Hópinu, Húnavatni, vötnum á heiðum og í ýmsum ám. Þá er skotveiði á heiðum, Grímsstungu/Haukagilsheiði. Auðkúluheiði.

Mikil hestamennska er stunduð í héraði. Ferðaþjónustuaðilar á lögbýlum bjóða margir upp á hestaferðir. Ís – landsmót er haldið á Svinavatni ár hvert. Reiðhöll er á Blönduósi en í héraðinu er mikil hrossaeign og ræktun.

Tvö íþróttafélög eru í Húnavatnshreppi. UMF Geisli og UMF Bólstaðarhlíðahrepps. Á Húnavöllum er knattspymuvöllur, upphitaður sparkvöllur, íþróttasalur og sundlaug.

Ís-landsmót á Svinavatni er með fjölsóttari hestaviðburðum yfir veturinn



■ Á TEIKNIBORÐINU:

JENS P. JENSEN SVEITARSTJÓRI

Gjaldfrjáls leikskóli í Húnavatnshreppi

Jens P Jensen er sveitarstjóri í Húnavatnshreppi. Þar á bæ er margt spennandi í farvatninu en í ágúst sl. var tekinn í notkun nýr og glæsilegur leikskóli í sveitarfélaginu sem þetta árið er notendum að kostnaðarlausu. Aldeilis búbot það.

Hvað er það svona helst sem sveitarfélagið er að framkvæma þessa dagana?

–Í ágúst s.l. var opnaður nýr leikskóli á Húnavöllum. Á þessu ári verður unnið við framkvæmdir á lóð leikskólans. Einnig verður framhaldið viðhaldsframkvæmdum á húsnæði Húnavallaskóla. Unnið verður við rotþróarframkvæmdir á lögbýlum.

Húnavatnshreppur stofnaði nú í febrúar einkahlutafélagið Fasteignir Húnavatnshrepps ehf, sem stefnir að því að í sumar verði hafin bygging tveggja íbúða á Húnavöllum. Unnið er að gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið, þar er gert ráð fyrir skipulagningu þéttbýlis við Húnavelli, auk skipulagi fyrir frístundabyggð, búgarðabyggð og skipulagi á athafnasvæði. Í tengslum við aðalskipulagið var samið við fornleifadeild Bygðasafns Skagafjarðar um skráningu fornleifa á 142 jörðum í sveitarfélaginu. Áætlað er að þessi vinna fari fram á næstu 8 til 10 árum.

En hvað atvinnumálin varðar, er eitthvað spennandi í spilunum þar? –Uppi eru hugmyndir um að orka Blönduvirkjunar nýtist sem mest í heimabyggð. Er þá helst verið að ræða um netþjónabú, sem annað hvort yrði staðsett við Blönduós eða á virkjunarsvæðinu í Blöndudal. Einnig er verið að kanna möguleika á að reisa áburðarverksmiðju á svæðinu. Á Hveravöllum er ætlunin að byggja upp hálendismiðstöð.

Ertu hjartsýnn á næstu ár atvinnulega séð? –Það er ljóst að hefðbundnar atvinnugreinar landbúnaðar- og sjávarútvegs, hafa átt erfitt uppdráttar undanfarin ár. En mitt í fjármálahruninu gerir þjóðin sér ef til vill grein fyrir hve mikilvægt er að eiga öflugar undirstöðuatvinnugreinar.

Hér er eitt mesta sauðfjárræktar-



svæði landsins. Viðerni og hreinleiki svæðisins gefa ótal möguleika í ferðatengdri þjónustu. Vinsælar laxveiðiar og silungsveiði í vötnum, bæði í byggð og á heiðum styðja undir þróun í ferðaþjónustu. Orka frá Blöndustöð gefur mikla möguleika á uppbyggingu í orkufrekum iðnaði á svæðinu.

Af hverju ætti fólk að taka sig upp og flytja í þitt sveitarfélag? –Í Húnavatnshreppi er gott samfélag fólks sem byggir tilveru sína á nýtingu landsgæða í sátt við náttúru landsins. Á Húnavöllum er öflugur grunnskóli, þar hefur einnig verið byggð upp góð aðstaða til íþróttaiðkana og útiveru. Vegna erfðra tíma í þjóðfélaginu hefur hreppsnefnd samþykkt að koma til móts við íbúa sveitarfélagsins og er mótuneyti skólans gjaldfrítt árið 2009. Einnig styrkir sveitarfélagið framhaldsskólanemendur úr sveitarfélaginu og hefur svo verið frá stofnun þess. Styrkurinn nú er kr. 55 þúsund á námsönn. Hreppsnefnd hefur samþykkt að horki verði innheimt fæðis- né vistgjöld í leikskólanum á árinu 2009, hann er því algjörlega gjaldfrír. Sveitarfélagin í Austur-Húnavatnssýslu hafa stofnað byggðasamlag um rekstur Tónlistarskóla A-Hún.

Húnavatnshreppur annast daglegan rekstur byggðasamlagsins. Í tónlistarskólanum eru um 160 nemendur, kennarar eru fimm auk skólustjóra. Kennar er á þremur stöðum þ.e. Skagaströnd, Blönduósi og á Húnavöllum. Meirihluti nemenda í grunnskólanum á Húnavöllum er einnig í tónlistarskólanum. Lúðrasveit er starfandi við skólann og hafa nemendur verið duglegir við að koma fram og spila við hin ýmsu tækifæri.

Góður stuðningur við fjölskyldufólk

BLÖNDUVIRKJUN

Kraftmikil stöð við Kjalveg

Blöndustöð er á margan hátt einstætt mannvirki en stöðvarhús hennar stendur á rúmlega 200 metra dýpi niðri í jörðinni. Þar stendur húsið og hverflar hennar í manngerðri hellishvelfingu en aðgengi að stöðinni er um lyftu og 800 metra löng aðkomugöng sem eru bílfær. Þá er stöðin sérstæð fyrir þær sakir að hún er fyrsta virkjunin sem alfarið er hönnuð af Íslendingum.

Fyrstu hugmyndir um virkjun Blöndu komu fram um 1950. Á áttunda áratugnum fóru fram umfangsmiklar rannsóknir með það að markmiði að finna hagkvæmustu tilhögun um virkjun árinna. Sú tilhögun sem byggt var á kom fram um

1980. Rafmagnsveitur ríkisins önnuðust undirbúningsframkvæmdir og höfðu umsjón með hönnun og gerð samninga við heimamenn vegna Blönduvirkjunar. Í ágúst 1982 gerðu ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun með sér samning um að

Landsvirkjun reisti og ræki Blöndustöð í stað Rafmagnsveitanna.

Framkvæmdir hófust árið 1984 og haustið 1991 var fyrsta vélasamstæðan tekin í notkun. Blönduvirkjun hefur verið keyrð á fullum afköstum frá því hún fór í rekstur 1991 en



hún framleiðir 150 MW af rafmagni.

Blöndustöð stendur við Kjalveg og þeir sem fara yfir hálendið þá leið, gefst kostur á því að heimsækja stöðina og

skoða ýmislegt henni tengt. Listsýningar hafa verið haldnar í starfsmannahúsi stöðvarinnar og í sumar mun verða sett upp sýning listamannsins Baska um Reynistaðarbræður sem

urðu úti á Kili árið 1780, ásamt fylgdarliði. Gestamóttakan er opin frá júní til ágúst og þar fá gestir ávallt góðar móttökur. Blöndustöð starfrækir sumarvinnu unglinga þar sem þeir fá ýmisleg verkefni að fást við s.s. að taka á móti gestum, umhirðu lóðar og gróðursetningu trjáa svo eitthvað sé nefnt.

Í stað þess gróðurs sem fór undir miðlunarlón Blöndustöðvar hafa verið græddir upp meira en 3000 hektarar lands frá árinu 1981 og er þeim haldið við með áburðargjöf. Þá er áhugavert að eftir virkjun Blöndu er áin orðin ein allra besta laxveiðiá landsins. Að staðaldri starfa um 15 manns við Blöndu.

Á Hveravöllum má finna bæli Eyvindar og Höllu og eru Hveravellir náttúruperla sem fáir ættu að láta fram hjá sér fara.

Á Þingeyrum er merk klausturstofa sem gaman er að skoða með leiðsögn.

Vatnsdalur er söguríkur og unnið er að gerð Vatnsdælukorts.



FYRIRTÆKIÐ HESTAR OG FERÐIR ER REKIÐ Í HVAMMI 2 Í VATNSDAL

Búa „bara“ með hesta

Hjónin **Haukur Suska Garðarsson** og **Sonja Suska** búa á Hvammi 2 í Vatnsdal ásamt fjórum börnum á aldrinum 3 – 12 ára. Inga Rós er yngst og er í leikskóla en Lilja María, Leon Paul og Haukur Marian eru öll í grunnskólanum á Húnavöllum. Haukur er hálfur Húnavetningur alinn upp í Reykjavík og Sonja er fædd og uppalin í Þýskalandi.

Lilja, móðir Hauks er frá bænum Röðli við Blönduós en faðir hans úr Reykjavík. Sjálfur segist Haukur því vera hálfur Húnavetningur og hálfur stórborgarbúi. -Afi minn Haukur, býr með hross og nokkrar kindur á Röðli og ég var mikið í sveit hjá honum og ömmu minni Önnu og þekkti vel til áður en við fjölskyldan fluttumst í héraðið, segir Haukur.

Sonja Suska er fædd og uppalin í bæ sem heitir Altenbeken í norðanverðu Vestur Þýskalandi. -Ég kynntist snemma íslenskum hestum og eignaðist sjálf hesta á mínum unglingsárum. Um tíma rak ég reiðskóla á bæ sem er stutt frá þorpinum sem ég bjó í.

Við Haukur kynntumst í Þýskalandi og bjuggum þar um tíma þar til við fluttum loks til Íslands árið 2001. Við stunduðum saman nám í háskólanum í Paderborn. Námið var fjölbreytt og skemmtilegt, landfræði með áherslu á

ferðamál, viðskiptafræði og tungumál. En við vorum líka allan tímann með hesta úti sem við tömdum og seldum. Það sparði námslánið og var góð tilbreyting frá náminu. Við keyptum Hvamm 2 í Vatnsdal í lok árs 2001 og höfum síðan stundað þar hrossarækt, tamningar og ferðþjónustu. Börnin okkar eru öll mjög áhugasöm að taka þátt í hestamenskunni með okkur og ríða mikið út og hjálpa til.

Haukur starfaði lengi sem ferðamála-fulltrúi í Austur-Húnavatnssýslu og síðar atvinnuráðgjafi SSSNV til loka ársins 2008. -Nú einbeiti ég mér að okkar rekstri og barnaupeldinu. Það eru mikil forréttindi að geta verið heima hjá sér og sinnt börnum og búi, segir Haukur. Sonja er að ljúka kennaranámi og hóf hún störf nú í byrjun árs sem kennari á Húnavöllum. -Mér finnst mjög gaman að vinna með börnum og er ánægð í starfinu. Það er ágætt að geta unnið utan heimilis með hestasölunni og ferðþjónustunni en þar er mesta vinnan hjá mér yfir sumartímenn þegar hestaferðirnar eru í fullum gangi.

Þau hjón eru sammála um að það sé gott að ala upp börn í sveitinni; -Þau eru ánægð í skólanum og sínum áhugamálum. Svo er náttúrulega alltaf nóg að stússa heima. Öll sú þjónusta sem fjölskyldur með börn hafa þörf fyrir er fyrir hendi í héraðinu, góður



skóli, leikskóli, heilsugæsla auk alls kyns frístundamöguleika. Tónlistarlífið er sérlega líflegt, meirihluti nemenda í Húnavallaskóla stundar tónlistarnám, enda er boðið upp á það á skólatíma. Börnin okkar læra t.d. á gítar, píanó og trompet. Leon okkar er nýbyrjaður í lúdrasveitinni og æfir stíft þessa dagana. Hestamenskun er líka

mjög vinsæl hjá krökkunum, námskeið, sýningar og keppni. Það hefur orðið mikil uppbygging á svæðinu síðustu ár sem hafa bætt mjög íþrótt- og tómstundastarf. T.d. góð íþróttahús og reiðhöll sem hefur mikla þýðingu fyrir barna- og unglingsstarf.

Mér finnst kostur hvað öll þjónusta er persónuleg og allir eru tilbúnir að leysa mál sem koma upp, og hvað börnin eru í raun vernduð í okkar umhverfi. Maður veit hvað þau eru að sýsla á daginn sem er góð tilfinning, segir Sonja.

Hestamenska er blómleg í Húnavatnshreppi og mikið um skipulegar hestaferðir

NAFN SVEITARFÉLAGS:

Blönduósibær




FJÖLDI ÍBÚA:

908

STÆRÐ SVEITARFÉLAGS:

Blönduós er um 183 km² að stærð. Blönduós liggur að nokkrum sveitarfélögum, þegar komið er að sunnan og ekið yfir Laxá á Ásum er stutt í að komið sé inn í sveitarfélagið þeim megin. Ef ekið er áfram í norður og í átt að Þverárfljallsvegi eru mörkin við Laxá í Refasveit. Ef ekið er í suðurátt áfram austur þá eru mörkin innanlega í Langadal en syðsti bærin er Móberg en í vestri er það Blanda sem aðskilur sveitarfélögin. Það má því segja að Blönduós sé umlukin laxveiðiám á alla kanta.



HELSTU FJARLÆGÐIR:

Það er stutt í allar áttir frá Blönduósi!

- Reykjavík 242 km
- Akureyri 145 km
- Borgarnes 170 km
- Sauðárkrúkur 47 km
- Hvammstangi 58 km
- Skagaströnd 23 km
- Hveravellir 109 km.

ÝMIS ÞJÓNUSTA:

- Grunnskóli Blönduóss
- Leikskólinn Barnabær
- Tónlistarskóli
- Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
- Tannlæknastofa
- Endurhæfing/sjúkraþjálfun
- Félagstarf aldraðra

MARGVÍSLEG FÉLAGSLEG ÞJÓNUSTA:

Blönduósibær er aðili að Fjölbreyttaskóla Norðurlands vestra og Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, en íbúar sækja framhaldsnám víða að. Aðstaða er til fjarnáms í Grunnskóla Blönduóss og fólk á svæðinu sækir fjarnám í Háskólunum á Hólum, Akureyri, Bífröst og Hvanneyri og víðar, auk margvíslegs annars fjarnáms.

Íbúar Blönduósibæjar búa við gott þjónustustig á flestum sviðum og fjölbreytt félagstarf. Hér er rekið:

- Samþýli fyrir fatlaða

- Leiguíbúðir f. aldraða og almennar leiguíbúðir
- Gott bókasafn og skjalasafn
- Íþróttahús
- Ný sundlaug í byggingu

ATVINNA:

Mikil opinber þjónusta er á Blönduósi. Áður hafa verið taldri skólar og heilbrigðisstofnanir. Embætti sýslumanns í Húnavatnssýslum er á Blönduósi og þar er innheimtumiðstöð fyrir dómsmálaráðuneytið.

Blönduós er matvælaframleiðslubær. Stórt sláturhús og kjötvinnsla er á staðnum, einnig framleiðsla á súpum/kryddi o.s.frv. Þá er fiskvinnsla rekin á Blönduósi og ullarþvottastöð, byggingarfirmir, iðnaðarfirmir, bifreiðaverkstæði og vélsmiðja. Hárgreiðslu- og snyrtistofur, bókhaldsstofa, kaffihús, veitingastaðir, söluskáli, sumarhúsabyggð o.fl.

AFÞREYING:

Sundlaugar. Verið að byggja nýja og glæsilega sundlaug, hún verður tekin í notkun vorið 2010.

Golfvellir. 9 holu golfvöllur er í Vatnahverfi.

Líkamsrækt. Góð aðstaða í vel búnu íþróttahúsi.

Lax/silungsveiði. Stórlaxaáin Blanda rennur út Langadal og um Blönduós. Víða er hægt að komast í silungsveiði. Náttúruperlan Hrítey er í Blöndu við ósinn.

Skotveiði. Skotvöllur er við Blönduós. Mikil fuglaveiði er í nágrenni Blönduós á haustin.

Skíði. Skíðasvæði er í Tindastóli.

Hestamennska. Góð reiðhöll og skeiðvöllur og öflugt hestamannafélag sem heldur úti fjölbreyttu starfi, námskeiðahaldi, sýningum o.fl.

Stutt er inn á hálendið. Fjölbreyttir möguleikar á hverskyns fjallaferðum á vélsleðum og jeppum.

Félagslíf og íþróttir. Starfandi kvenfélag, leikfélag, Lionsklúbbur, kórar, ungmennafélög og öflugt íþróttastarf í tengslum við þau.

Smábæjarleikarnir á Blönduósi eru búnir að vinna sér góðan sess og eru einn af hápunktum sumarsins á Blönduósi.

Söfn. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi sem er það eina sinnar tegundar á landinu, Hafissetrið, bóka- og skjalasafn.

Hér er gott að búa!



■ VIÐTAL VIÐ MAGDALENU OG AUÐUNN

Fluttum til reynslu og erum hér enn



Magdalena Berglind Björnsdóttir og Auðunn Steinn Sigurðsson eru bæði Blönduósingar að upplagi en hann er fæddur þar og uppallinn og Berglind svo til, þar sem hún var ekki nema fjögurra ára þegar hún fluttist á Blönduós. Eins og gengur hleyptu þau heimdraganum, fóru að heiman í nám og prófuðu að setjast að í Reykjavík. Þau sneru aftur heim til reynslu árið 1998 og nú 11 árum síðar vilja þau hvergi annars staðar búa.

Þau hófu sína sambúð í Reykjavík árið 1991 þar sem Auðunn vann í heildsölu og Berglind var enn í menntaskóla. Í dag er hann útibússtjóri Kaupþings banka á Blönduósi og hún kennari í grunnskólanum. –Við vorum búin að vera fyrir sunnan í öll þessi ár og vorum komin með okkar fyrsta barn þegar kviknaði sú hugmynd að prófa að flytja aftur heim á Blönduós. Ætli það hafi ekki verið barnið sem réði þar mestu því við sáum fram á mun rólegra líf fyrir norðan auk þess að hafa aðgang að frábærum öfum og ömmum, segir Berglind og hlær gláðlega. –Ég dáist að barnafólki sem getur flutt á einhvern stað og ekki átt neinn að, bætir hún við.

Upphaflega átti flutningurinn norður að vera til reynslu og reynslan var góð og þá þurfti þannig lagað séð ekkert að ræða það neitt frekar. –Það sem kom mér mest á óvart þegar ég var komin aftur norður var hversu mikill tímasparnaður er fólgin í því að búa á stað eins og á Blönduósi. Eins er samfélagið sjálf allt mjög fjölskylduænt, hér er stutt í allt og góð grunnþjónusta til staðar, segir Berglind. –Auðvitað er ýmislegt sem vantar hér en við sækjum það þá bara annað og setjum það ekki fyrir okkur að keyra til Reykjavíkur, Akureyrar eða bara hvert sem er. Hér taka hópar sig til dæmis saman og fara í leikhús þó hér sé yfirleitt ein leiksýning á ári og ef við viljum komast á skíði rennum við í Tindastól eða á Akureyri. Ég er ekki frá því að við séum duglegri við að sækja okkur ýmsa afþreyingu en margur borgarabúinn sem hefur allt innan seilingar,

segir Auðunn. –Svo maður tali nú ekki um náttúruna, hér þarf ekki að keyra langar leiðir til þess að komast í góðan göngutúr í náttúrunni heldur bara ganga út og loka á eftir sér hurðinni, bætir Berglind við.

Samhliða starfi og barnaupeldi eru þau hjón á kafi í félagsstarfi, Berglind kennir Body pump og ungbarnasund og Auðunn tekur þátt í bæjarmálunum en þau eru auk þess bæði í stjórn Ungmennafélagsins Hvatar. Margir myndu telja þetta nóg en ekki þau og til viðbótar skrifa þau inn á staðarmiðilinn Húnahornið eða www.huni.is.

–Húnahornið var upphaflega stofnað af þremur félögum á höfuðborgarsvæðinu sem allir áttu það sameiginlegt að vera frá Blönduósi. Þetta voru þeir Ásgeir Hauksson, Guðmundur St. Ragnarsson og Ragnar Z. Guðjónsson. Guðmundur hætti fljótleiga og þá kom ég inn í þetta. Okkur fannst ágætt að það kæmu líka fréttir héðan að heiman og töldum gott að hafa okkur hér nær efninu. Ég held hins vegar að maður hafi aldrei getað ímyndað sér hvað yrði úr þessari síðu því þetta var og er áhugamál hjá okkur öllum en hefur gengið svona ótrúlega vel, segir Auðunn. –Vinkonur mínar fyrir sunnan hrista stundum höfuðið yfir öllu sem ég geri hér og spyrtja hvað séu margir klukkutímar í sólahringnum hjá mér. Ég svara því bara til að þeir séu alveg jafn margir hjá mér og þeim, hér úti á landi nýttast þeir bara svo miklu betur því maður þurfi ekki að eyða mörgum stundum í bílnum á hverjum degi, bætir Berglind við.

Mælið þið með því fyrir þá sem hafa flutt utan af landi og á höfuðborgarsvæðið að snúa aftur heim? –Við erum alla vega ekki að fara neitt. Auðvitað er þetta alltaf spurningin um smá ævintýraþrá. Getum við ekki bara bent á hvað það er heilsusamlegt að flytja út á land. Mágur minn segir að þegar hann komi hingað á Blönduós í frí þá hægi á púlsinum þó hann stoppi ekki nema eina helgi. Þú þarft ekki að gíra þig upp í fjórða gír hér úti á landi þar sem fólk þekkist og heilsast úti á götu. Hér þekkjast allir og hér á Blönduósi er vel tekið á móti þeim sem hingað flytja, segja hin uppteknu hjón að lokum.



Skagabyggð er 100 manna sveitarfélag sem byggir á landbúnaði

Vötnin á Skaga eru óteljandi og þar er vinsælt að veiða

■ Á TEIKNIBORÐINU:

ARNAR ÞÓR SÆVARSSON SVEITARSTJÓRI

Bjartsýnn á næstu ár

Arnar Þór Sævarsson er bæjarstjóri í Blönduósbæ. Þrátt fyrir að kreppeástand sé í þjóðfélaginu í heild er enginn uppgjafartónn í mönnum á Norðurlandi vestra og mörg spennandi verkefni á teikniborðinu.

Hvað er það svona helst sem sveitarfélagið er að framkvæma þessa dagana?

-Bygging sundlaugargarðs með 25 m langri sundlaug, pottum og gufubaði.

En hvað atvinnumálin varðar er eitthvað spennandi í spílunum þar?

-Sveitarfélagið Blönduós hefur ásamt fleiri sveitarfélögum Austur-Húnavatnssýslu verið að skoða möguleikann á taka á móti netþjónabúi á svæðið. Svæðið er

ákjósanlegt fyrir netþjónabú, góðar net- og rafmagnstengingar og síðast en ekki síst lítill náttúruvá.

Einnig er verið að kanna hvort fýsilegt sé að hefja áburðarframleiðslu í Húnavatnssýslu.

Í bígerð er að stofna í samvinnu við Háskólann á Hólum „Háskólasetur á Blönduósi“. Stefnt er að því að starfsemi þess geti hafist á vormánuðum.

Mikil uppbygging á sér stað í Brautarhvammi, tjaldsvæði Blönduósbæjar. Þar er verið að byggja 7 sumarhús og verða þau komin í gagnið í vor. Með fjölgun sumarhúsa á svæðinu er nú hægt að bjóða stærri hópum gistingu sem geta nýtt sér þá afþreyingu sem er í boði á Blönduósi og nágrenni.

Jafnframt hefur átt sér stað mikil



uppbygging hjá fyrirtækjum á Blönduósi. Má sem dæmi nefna að Vilko hefur keypt fyrirtækið PRIMA krydd og er nú starfsemi þess nú alfaríð á Blönduósi í nýju og glæsilegu iðnaðarhúsnæði.

Léttitækni, sem sérhæfir sig í lagerlausnum, hefur einnig verið að færa út kviarnar og byggt við starfsemi sína glæsilegt viðbótar iðnaðarhúsnæði.

Ertu bjartsýnn á næstu ár atvinnulega séð? -Ég er bjartsýnn fyrir næstu árin. Auðvitað munu allir finna fyrir þeim erfiðleikum sem steðja að íslensku efnahagslífi. En með samstilltu átaki og samvinnu að leiðarljósi munum við komast í gegnum brimskaflinn.

Af hverju ætti fólk að taka sig upp og flytja í þitt sveitarfélag? -Blönduós er sveitarfélag sem hefur upp á allt að bjóða. Góða alhliða þjónusta fyrir bæjarbúa. Fyrir útivistarfólk þá er Blönduós málið. Stutt upp á hálendið, stutt í veiðina (laxveiði, vatnaveiði og fuglaveiði), stutt á skíðasvæðið í Tindastól c.a. 20 mínútur. Hér eru margir sterkir klúbbar s.s. einkaflugklúbbur, golfklúbbur og skotveiðifélag með afbragðs keppnisvöll.

Blönduósbær er tilvalinn staður fyrir fjölskyldufólk sem kys að flytja út á land. Ég mæli með því.

Blönduós er heimabær Vilko – Prima krydd eru framleidd á Blönduósi

■ HÁTÍÐIR Í AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLU

Kúrekar og smalar áberandi

Smábæjarleikarnir

Smábæjarleikarnir í fótbolta eru haldnir þriðju helgi í júní ár hvert. Síðasta ár voru um 1000 þátt-takendur á Smábæjarleikum Hvatar í knattspyrnu en leik-arnir eru dyggilega studdir af fyrirtækjum í heimabyggð. Hugmyndafræðin á bak við leikana er sú að þar mætast lið frá smærri bæjarfélögum.

Húnavaka

Húnavaka, bæjarhátíð Blönduósinga, er haldin um miðjan júlí ár hvert. Bæjarbúar skreyta bæinn sinn, grilla og skemmta sér auk þess sem mikið er lagt upp úr vönduðum skemmtiatriðum. Söngvakeppni barnanna, dægurlagakeppni, landspekktir skemmtikraftar og að endingu Húnavökuballið.

Kántrýdagar á Skagaströnd

Undir lok ágúst halda Skagastrendingar upp á Kántrýdaga. Bærinn er skreyttur og fara hverfin í keppni um flottustu skreytinguna. Lýst er eftir bæjarbúum, skotið af fallbyssu, borðað saman, sungið saman, spákonur spá fyrir gestum og gangandi að ógleymdum dansleik.

Auðkúlu- og Undirfellsréttir

Fjölmennar fjár- og stóðréttir þar sem safnast er saman að íslenskum sið. Smalað, sungið og haft gaman. Sumir ferðapjónustuaðilar bjóða ferðamönnum að upplifa göngur og réttir.

Skrapatungurétt

Skrapatungurétt er stærsta stóðrétt sýslunnar og verður réttin stærri með hverju árinu. Mikill fjöldi heima- og ferðamanna koma á laugardeginum saman og smala hrossum í réttina með tilheyrandi fjöri. Síðan er réttad daginn eftir. Mikil skemmtun og auðvelt fyrir ferðamenn að fá að taka þátt.



Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi á mikið og fallegt safn íslensks klæðnaðar

■ BJÖRN ÞÓR KRISTJÁNSSON

Miklu meira en þjóðvegur 1

Björn Þór Kristjánsson, er í forsvari fyrir ferðamálasamtök Austur-Húnavatnssýslu. Sjálfur er Björn Þór önnur kafinn vert á Pottinum og pönnunni, Við Árbakkann, rekur skólamötuneyti, Félagsheimilið á Blönduósi og sumarhótel á Húnavöllum.

Aðspurður segir Björn Þór kjörin atvinnutækifæri vera í ferðapjónustu á landsbyggðinni og þá ekki síst í afþreyingarferðapjónustu. –Hins vegar hoppar enginn fullskapaður inn á markaðinn og þetta tekur tíma en tækifærin eru svo sannarlega til staðar, segir Björn Þór en við hittumst á veitingastað hans á Blönduósi. –Sjálfur þarf ég ekki að kvarta, aðsókn hjá mér er 80% meiri í febrúarmánuð í ár heldur en á sama tíma í fyrra. Þarna er að skila sér að fólk fer í auknum mæli norður á skiði í stað þess að fara til útlanda, segir Björn Þór. –Síðan erum við í samvinnu við Gladhheima á Blönduósi, SBA og skíðasvæðið í Tindastóli með tilboðspakka sem innihalda keyrslu að sunnan, gistingu, fæði og tvær ferðir í Stólinn og afslátt í lyftuna. eru þessir pakkar hugsadur fyrir íþróttafélög og skóla. Síðan hef ég tekið stefnuna á að vera með reglulega dansleiki í félagsheimilinu bæði um páskana og í sumar þannig að það er nóg framundan.

Hvað með ferðapjónustuna í héraðinu, hvað eru margir í ferðapjónustu í Austur-Húnavatnssýslu? –Ætli það séu ekki svona 15 – 20 fyrir utan Skagaströnd. Það eru reyndar margir smáir en fáir stórir en ég sé mikil tækifæri



í afþreyingu bæði hvað varðar hesta og síðan hvað varðar vatnaveiði og sæpotur. Okkur vantar fleiri aðila sem eru tilbúnir í þessa afþreyingarþjónustu. Hér erum við með nokkur söfn, Heimilisíðnaðarsafnið hér á Blönduósi svo og Hafsissetrið. Síðan er það Klausturstofa á Þingeyrum, Spákonusetur á Skagaströnd og Eyvindarstofa sem er á hönnunarstigi hér uppi. Síðan held ég að þegar sundlaug með sundlaugargarði rís hér á Blönduósi þá eigi hún eftir að virka sem algjör bremsa á umferð hér í gegn.

Nú ætla ég að ferðast með fellihýsið mitt í sumar er einhver ástæða til þess að koma við í austursýslunni? –Já, það er gríðarlega fallegt hér og fallegast er fyrir utan þjóðveg 1. Ég myndi byrja á því að fara Vatnsdalshringinn og skoða gilin í botni Vatnsdals bæði fram í Forsældal og Állkugilið. Síðan er áhugavert að skoða Vatnsdalinn út frá Vatnsdælu en verið er að útbúa sögukort af svæðinu. Í framhaldi af ferð um Vatnsdalinn myndi ég fara niður á Þingeyrar og skoða Klausturstofu og fá leiðsögn um kirkjuna. Á Blönduósi fara menn

á söfn, kíkja á kaffihús og síðan er gaman að fara út í Hrótey í Blöndu sem er ekki mikið nýtt perla Blönduóss, en ótrúlega skemmtileg gönguleið þar sem hægt er að njóta mikils fuglalífs. Hægt er að fara út í Hrótey á göngubrú yfir Blöndu.

Hvað með tjaldsvæði? –Þau eru nokkur; á Húnavöllum, Blönduósi, Skagaströnd og í Húnaveri og síðan á leið upp

Fyrir þá sem vilja fara á hálendið er vagnfært upp á Áfanga og þaðan er hægt að renna upp á Hveravelli, skoða hverina, minjar um Eyvind og Höllu og keyra upp í Þjófadali. Allt er þetta fólksbílafært nema upp í Þjófadali.

Eins er gaman að fara og skoða Blönduvirkjun, keyra hringinn meðfram Svínavatni og koma inn á hringveginn rétt fyrir neðan



á hálendi er það Áfangi og Hveravellir. Eins er þetta mikið veiðisvæði. Við erum með gjöfular laxveiðiár en veiði í þær er seld með löngum fyrirvara. Sem dæmi má nefna að Eric Clapton veiðir yfirleitt á hverju ári í Laxá á Ásum og síðan erum við með Vatnsdalsá og Blöndu. En fyrir þennan venjulega ferðamann er hægt að komast í veiði í vötnum út um allt, það er mikið af vötnum á Auðkúluheiði, í Svínavatni og Laxárvatni. Allt eru þetta ódýrir staðir með mikla veiðivon. Það er nokkuð öruggt að allir fái fisk, en þeir eru ekki allir stórir.

Húnaver. Síðan mæli ég með því að farið sé út á Skagaströnd. Þar er hægt að kíkja í Kántrybæ, Nes listamiðstöð og í framtíðinni verður hægt að láta spá fyrir sér í Spákonuhofi. Síðan mæli ég með að farið sé fyrir Skaga með viðkomu í Kálfshamarsvík og þaðan á ísbjarnaslóðir, segir Björn Þór.

Ísbjarn á heima á Hafsissetrinu á Blönduósi

■ ÁMUNDAKINN

Getum útvegað margskonar atvinnuhúsnæði

Jóhannes Torfason, bóndi á Torfalæk er framkvæmdastjóri Ámundakinnar ehf. en félagið er byggðafestu- og framfarafélag í Austur-Húnavatnssýslu. Megin markmið félagsins er umsýsla fasteigna og efling atvinnu í héraðinu. Hluthafar eru tæplega fimmtíu, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar og um helmingur hér úr héraði.

Ámundakinn var upphaflega stofnað af frumkvæði Blönduósbæjar og Sölufélags Austur-Húnavatnssýslu og var verkefni félagsins að byggja hús fyrir ullaþvottastöð Ístex. Síðan þá



hefur félagið þróast yfir í það að vera byggðafestufélag eða félag sem rekur fyrirtækjahótel.

– Þá erum við bæði að laða ný fyrirtæki hingað í hérað og eins að búa betur að þeim fyrirtækjum

sem fyrir eru. Markmið okkar er í sjálfu sér ekki að skila beinum peningalegum hagnaði til eigna heldur að byggðarlagið njóti hagnaðar af starfsemi félagsins, svarar Jóhannes aðspurður um tilurð Ámundakinnar.

Síðasta stóra verkefni Ámundakinnar var bygging húsnæðis fyrir Vilko sem nú hýsir starfsemi Prima - kryddvara. Þá byggði fyrirtækið á árinu 2007 stórt geymsluhús fyrir Léttitækni. Meðal fyrirtækja sem hafa notið liðsinnis Ámundakinnar varðandi húsnæði eru Vélsmiðja Alla, Léttitækni, Lagnaverk, Áfangafell, Björgunarfélagið Blanda, Vilko, Prima og ullaþvottastöð Ístex. Þá á Ámundakinn um helmingshlut í Trésmíðjunni Stíganda á Blönduósi og um 70% hlutfjár í Húnakaupum hf. sem er fasteignafélag á Blönduósi.

Jóhannes segir að Ámundakinn geti boðið fyrirtækjum mun hagstæðari leigu á atvinnuhúsnæði en þekkest í Reykjavík. –Ég vil nú meina að hagstæð leiga sé ekki eini

kostur þess að reka fyrirtæki á landsbyggðinni. Hér er minni starfsmannavelta hjá fyrirtækjum og ég held að starfsmenn á landsbyggðinni séu almennt tryggari sínum fyrirtækjum. Hér finna allir starfsmenn til mikilvægis síns sem ég tel skipta bæði vinnuveitenda og launþega miklu.

Ámundakinn er eignalega mjög sterkt félag og segir Jóhannes að það eigi alla möguleika á að lifa af núverandi efnahagslegt óveður. –Félagið okkar hefur síðustu ár þróast frá litlu félagi um lítið verkefni yfir í að verða byggðafestu- og byggðaframfarafélag. Við erum með húsnæði á okkar vegum í langtímaleigu auk þess sem við getum auðveldlega útvegað húsnæði fyrir þá sem vilja koma hingað annað hvort til þess að stofna nýtt fyrirtæki nú eða flytja rekstur sinn út á land, segir Jóhannes.



■ LÉTTITÆKNI Á BLÖNDUÓSI ER MEÐ ÚTIBÚ Í REYKJAVÍK

Fyrirtæki í stöðugri framþróun

Fyrirtækið **Léttitækni á Blönduósi** sérhæfir sig líkt og nafnið gefur til kynna, í framleiðslu og innflutningi á búnaði til þess að létta hin ýmsu störf. Jakob Jóhann Jónsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins og einnig eigandi ásamt konu sinni Katrínu Líndal. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Blönduósi en fyrirtækið rekur einnig verslun í Reykjavík.

Fyrirtækið Léttitækni var í raun stofnað í Reykjavík árið 1989 og sérhæfði sig þá og gerir enn, í framleiðslu á hjólaborðum og handtrillum. Það var síðan árið 1995 að Jakob keypti fyrirtækið og flutti norður á Blönduós. Tilgangur kaupanna var að láta hið nýja fyrirtækið styðja við rekstur hjólabarðaverkstæðisins Ósdekkis, sem Jakob átti og rak. Staðreyndin varð síðar sú að Ósdekk var sameinað undir nafni Léttitækni. Ég

á stefnumót við Jakob á snjóþungum miðvikudegi og það er óhætt að segja að blaðamaður hafi hrifist af fyrirtækinu um leið og hann steig inn um dyrnar. Betur skipulagða vinnuáðstöðu hefur blaðamaður ekki séð. Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri hendist Jakob vikulega á milli Blönduóss og Reykjavíkur þar sem Léttitækni er með verslun. Versluninni í

Reykjavík er stýrt af syni Jakobs, Jóni Guðmanni tölvufræðingi, sem sér um öll erlend samskipti og markaðsmál fyrirtækisins, en þar er stór hluti öflug heimasíða www.lettitaekni.is.

Unglingar á Blönduósi vilja meina að þar hafi þau allt til alls

■ GRUNNSKÓLINN BLÖNDUÓSI

Fjör í fjölmiðlaval

Nemendur í 9. og 10. bekk **Grunnskólans á Blönduósi** hafa undanfarin tvö ár getað valið sér fjölmiðlaval. Við kíktum í tíma hjá krökkunum sem voru að fagna því að skólablaðið var farið í prentun.

Það er glaðlegur hópur sem ásamt kennara sínum tekur á móti blaðamanni. Kurteis ungur maður í hópnum nær í stól handa mér og kennarinn bauð upp á súkkulaðikökku í telfni dagsins. Það er létt yfir hópnum. En af hverju fjölmiðlaval? Svörin eru mismunandi, einn vildi bæta sig í ritun, annar skrifa í skólablaðið og enn einn valdi vegna kennarans. En út á hvað gengur kennslan? –Við gerumst fréttamenn í skólanum, skrifum fréttir inn á heimasíðu skólans auk þess sem við vorum með blogg síðu fyrir áramót sem við settum fréttir inn á. Síðan höfum við líka verið að

vinna með fréttir úr okkar nærumhverfi og þá verið að spá í hvað er að gerast á Blönduósi, svara krakkarnir.

En er eitthvað að gerast hér? –Já, þetta er besti bærinn, svarar glaðleg stelpa úr hópnum og krakkarnir taka undir. –Hér er frábært að búa, gott félagslíf og þéttur hópur. Hér höfum við allt sem við þurfum, bæta krakkarnir við.

Berglind, kennari krakkanna, segir að tilgangurinn með því að fá krakkana til þess að skrifa fréttir úr nærumhverfinu sé kannski ákveðin tilraun til þess að gera þau heimakærari. Næsta vetur mun hluti af hópnum hverfa á braut í leit af frekara námi, margir fara á Sauðárkrók, aðrir til Akureyrar og einhverjir til Reykjavíkur.

En skyldi fjölmiðlafræðinámið hafa orðið til þess að einhverjir krakkanna ætli sér að verða blaðamenn? –Ekki, ég alla vega, ég ætla meira svona að vera í blöðunum, segir ungi maðurinn sem sótti

Á Blönduósi vinna 6 starfsmenn en meðal þeirra er Péturína, dóttir Jakobs, sem sér um allt bókhald og laun, en er auk þess menntaður tækniteiknari. Jóhann sonur hans, sem er að læra bifvélavirkjun, gengur í ýmis störf hjá fyrirtækinu. –Síðan eru þeir sem vinna á gólfinu hjá mér annað hvort skyldir eða hafa tengingu inn í fjölskylduna. Þetta er því sannkallað fjölskyldufyrirtæki sem virkar vel að mínu mati, segir Jakob sem sjálfur er menntaður sem húsmiðameistari. –Ég er á því að maður eigi aldrei að ráða í vinnu fólk nema maður treysti því alveg. Það er lykillinn að öllu. Ef maður er eingöngu með þannig starfsmenn er auðveldara að stökkva héðan út í annað en stór hluti af mínu starfi felst í því að vera á ferðinni á milli staða og hafa samband við okkar viðskiptavina.

Fer einn dag í viku til Reykjavíkur

Öll framleiðsla og stýring Léttitækni fer fram á Blönduósi í 1200 fm húsnæði og segir Jakob að sumum finnst skrítið að hann sé að flytja norður 40 feta gám af varningi bara til þess að setja hann saman þar og flytja hann síðan aftur suður þar sem markaðurinn er. –Já, mörgum finnst skrítið að það borgi sig að gera þetta en staðreyndin er bara svona. Ég segi að það sem helst þyrfti að koma til þess að fleiri færu með fyrirtæki sín út á land þurfi að koma að ofan og þá í formi einhverskonar ívilunar í sambandi við flutningsmál. Það eru flutningar á milli

staða sem íþyngja svona rekstri úti á landi. Ég vil samt taka það fram að ég er ekki mikið fyrir það sem heitir styrkur og vil meina að flutningskostnaðurinn sé aukaskattur á okkur fyrirtækin úti á landi. Þetta myndi því ekki heita styrkur heldur jöfnun aðstöðu. Þrátt fyrir alla flutninga er að mínu mati hagkvæmara að reka fyrirtæki úti á landi. Kostnaður við húsnæði er lægri, það er meiri nálægð við alla þjónustu og það fer minni tími í allt sem heitir að fara með vöru á afgreiðslu. Í Reykjavík fer aldrei minni tími en klukkustund í að skjótast í pósthús eða banka en hér eyði ég mun minni tíma í snatt og þeim mun meiri tíma í það sem skiptir máli. Hins vegar mun markaðurinn óhjákvæmilega halda áfram að vera til staðar á höfuðborgarsvæðinu og að því lögum við okkar rekstur. Ég vakna fyrir allar aldir einn dag í viku og keyri suður til Reykjavíkur og sinni vinnu minni þar þann daginn. Keyri síðan aftur heim að kvöldi.

Fyrirtækið hefur stækkað hratt

Léttitækni flytur inn margskonar vörur sem létta fólki störf, s.s. lyftara, handtrillur, lyftuborð, vinnulyftur, hjólabúnað, hillukerfi, stálskápa, verkstæðisvörur o.fl. frá 28 fyrirtækjum í alls 14 löndum. Í viðbót við hillukerfin hóf fyrirtækið nýverið innflutning á plastboxum frá Indlandi og eru þetta fyrstu viðskipti fyrirtækisins við Indland. –Það hefur verið mjög góð sala í þessum hillukerfum

undangengin ár enda hafa stærri fyrirtæki verið að kaupa þau inn á lagera sína. Sjáum við þá oft um að mæta á staðinn og mæla allt út og skoða og koma síðan með tillögur að heildarlausnum. Við getum leyst allan vanda lagersins frá a – ö, segir Jakob, –og okkar sérstaða er m.a. hvernig við getum fléttað saman innflutningi og sérsmíði t.d. í formi millilofta-gólfa sem við smíðum og setjum upp samhliða hillukerfum. Léttitækni hefur sýnt það síðustu ár að það skipar fastan sess hjá mörgum stórum og smáum fyrirtækjum en þar má nefna álverin, Marel, ÁTVR, Icelandair, Umslag, skóla, hótél og sjúkrahús, en okkar aðalsmerki frá upphafi hefur verið vandaðar og endingargóðar vörur og góð þjónusta og hefur það skilað sér í dyggum og góðum hóp viðskiptavina. Hvað eigin framleiðslu varðar þá er hún mest í formi handtrilla og vagna en einnig ýmskonar sérsmíði tengda því. Starfsemin hefur stækkað hratt undanfarin ár og á síðasta ári stækkaði fyrirtækið við sig, úr 700 fm húsnæði og yfir í 1200 fm.

Hvernig sérðu nánustu framtíð? –Akkúrat á þessum tímamarki er erfitt að spá í framtíðina það verður samdráttur allt þetta ár. En í sjálfu sér horfi ég bjartsýnn fram á veginn og sé enga ástæðu til annars. Það eru breyttir tímar og við þurfum að aðlaga okkur að því og kannski hafa örlítið meira fyrir sölunni nú en áður.

Hægt er að fræðast meira um fyrirtækið inni á heimasíðu þess.
www.lettitaekni.is



fyrir mig stólinn. –Já, hann er að tala um íþróttasíðu Moggans eða Fótbolta.net, bæta stelpurnar við. –Ég gæti alveg hugsað mér að vinna við þetta, segir ein úr hópnum en hin gefa lítið út á þetta.

Ég spyr krakkana að lokum hvort Blönduós sé málið? –Já algjörlega, Blönduós er ekki og verður aldrei hallærislegur bær.

FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hefur verið starfræktur á Sauðárkróki frá árinu 1979 og heldur því upp á 30 ára afmæli sitt í ár. Að rekstri skólans komu í upphafi öll sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Við skólann eru 9 verk- og bóknámsbrautir sem síðan greinast í enn fleiri undirbrautir. Við skólann stunda nú 547 nemendur nám en starfsmenn hans eru 70.



Ný og glæsileg verknámsbygging verður boðin út nú á vordögum og gera allar áætlanir ráð fyrir að hún verði tekin í notkun haustið 2010. Mun viðbyggingin þýða gjörbyltingu í allri aðstöðu starfsmanna og nemenda í verknámi.

SPJALLAÐ VIÐ JÓN F. HJARTARSON SKÓLAMEISTARA FNV

Ný framtíðarsýn í skólamállum



Frá vinstri: Ásbjörn Karlsson áfangastjóri, Jón F. Hjartarson skólameistari og Ingileif Oddsdóttir aðstoðarskólameistari.

Þessa dagana er unnið að endurgerð innra skipulags skólans á grundvelli nýrra laga um framhaldsskóla í samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði og Verkmenntaskóla Austurlands.

–Til stendur að miða alla þætti skipulagsvinnunnar við störf nemandans og horfa til hans sem starfsmanns skólans. Nám er vinna, því þarf nemandinn að sýna virkni, ástundun, samvinnu og jafnframt rækta með sér sjálfstæði í vinnubrögðum, segir Jón F. Hjartarson skólameistari.

En hvernig er þetta frábrugðið þeim vinnubrögðum sem hingað til hafa tíðkast? –Hingað til hefur skipulag skólans verið meira miðað við vinnuframlag kennara en nú verður meira horft til nemandans. Hann fari í kennslustundir og vinnustofur til að sinna námi sínu. Miðað verður við að sem flestir geti lokið sínum vinnudegi í skólanum og vinnuskyldan afmörkuð innan dagvinnumarka

svo sem kostur er. Auðvitað koma tímabil sem nemendur þurfa að vinna meira eða lengur.

Hvenær á að byrja að vinna eftir þessu nýja kerfi? –Við gerum ráð fyrir að þetta verið komið að fullu inn í námskrá skólanna haustið 2011 en þá kveða löggin á um að ný námskrá taki gildi, hins vegar munu einhverjir skipulagsþættir koma í framkvæmd strax næsta haust.

Hverju telur þú að þetta breyti fyrir árangur nemandans? –Öll viðmið eru sett út frá hag nemandans og reynt að tryggja enn frekar velferð hans og vegferð.

Hefur þetta áhrif á félagslíf? –Þátttaka í félagslífi er ekki veigalítil þáttur fyrir margan. Það má segja að viðhorf skólamanna hafi breyst til þessa þáttar í skólalaldinu og það verði unnt að ná markmiðum skólalaldsins með því skipuleggja og móta félagslífið í ríkara mæli en áður. Félagsmótun einstaklinganna fer ríkulega fram á vettvangi félagslífsins og því er þessi þáttur í skólalaldinu þeim

mun veigameiri sem honum er ætlað að gegna nýju hlutverki á nýju Íslandi. Gildishlaðin nemendamening verði höfð að leiðarljósi.

Hvað viltu segja um stöðu verkmenntunar? –Við stefnum núna að því að efla enn frekar verknámið með nýju námsframboði. Til stendur að reisa Trefjaverksmiðju á Sauðárkróki og skólinn vinnur að því að eiga samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um námsframboð sem þjónað gæti þessum nýja atvinnuvegi.

Þá stendur til að setja hér upp svokallað FabLab (Fabrication Laboratory) og verðum við 37. staðurinn í heiminum sem býður upp á það. FabLab er vinnuástaða fyrir fólk sem getur komið með hugmyndir sem það vill umbreyta í hluti og vinna með nútíma tækjum og tólum svo sem tölvustýrdum vélum og leisertækni.

Hvernig kemur þetta inn á skólalastarfið? –Þetta er gert í samvinnu við sveitarfélagið, Nýsköpunarmiðstöðina og fleiri aðila. Aðstaðan er fyrir hvern sem er, þá sem vilja búa til nýtt hluti, grafa myndir í málm, tré, stein eða önnur efni. Það eru í raun engin takmörk fyrir því sem hægt er að gera svo lengi sem hægt er að breyta hugmynd í hlut.

Eruð þið með öllum þessum breytingum á skólalaldinu að stefna á að fjölga nemendum? –Það er ekki ólíklegt að það gerist. Við erum með góða heimavist og höfum tekið tillit til kreppunnar í verðlagningu og hækkuðum ekki mótuneytisgjöld eins og til stóð að gera. Nemandi getur því komið og búið hjá okkur, stundað nám og verið samhliða því í fullu fæði.

NÁMSBRAUTIR Í BOÐI Á HAUSTÖNN 2009

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs

- Félagsfræðibraut
- Málbraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsmenntabrautum

Starfsbraut

Iðnbrautir

- Málmiðnir og vélstjórn
- Grunnám bíliðna
- Grunnám málmiðna
- Vélvirkjun
- Vélstjórn A- og B-stig
- Rafiðnir
- Grunnám rafiðna
- Rafvirkjun
- Tréiðnir
- Grunnám mannvirkja- og byggingargreina
- Húsasmíði

Meistaránám í iðngreinum

Aðrar námsbrautir

- Almenn námsbraut
- Íþróttabraut
- Sjúkrliðabraut
- Skrifstofubraut
- Uppeldisbraut
- Viðskiptabraut

Nánari upplýsingar á www.fnv.is



Félagslíf nemenda við FNV er líflegt og skemmtilegt.

■ HÓLASKÓLI – HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Metnaðarfullur háskóli og áhugaverðar greinar



Í Háskólanum á Hólum er ríkjandi sú sýn að veita ætíð bestu mögulega menntun og stunda hágæða rannsóknir í þeim greinum sem skólinn leggur áherslu á. Rauði þráðurinn í starfi Háskólans á Hólum er sérhæfing hans og tenging við vaxandi atvinnugreinar og blómlega menningu.

Ferðapjónusta vegur sífellt þyngra í efnahag og menningu þjóðarinnar og mikil þörf er á menntuðu fólki í greininni. Íslenski hesturinn hefur sigrað heiminn og kringum hann er viðamikil atvinnustarfsemi sem


krefst menntaðra einstaklinga. Fiskeldi getur ekki verið annað en atvinnugrein framtíðarinnar þegar afli úr hafinu fer sífellt minnkandi. Þessi starfsemi byggir á mikilli þekkingu og tækni. Hvers kyns þekking í

sjávar- og vatnalíffræði skiptir þjóðina augljóslega miklu máli.

Fagmennska, gagnrýnin hugsun, góð aðstaða, alþjóða-tengsl og samstarf eru hornsteinar í starfi Háskólans á Hólum. Þekking og menntun hefur líklega aldrei skipt jafn miklu máli fyrir íslenskt þjóðfélag og einmitt núna.

Háskólinn á Hólum er stoltur að leggja sitt að mörkum í þeim efnum.

www.holar.is



■ ÚTSKRIFAÐIR NEMENDUR

Nemendur sem hafa útskrifast úr Háskólanum á Hólum eru eftirsóttir þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Það hefur sýnt sig og sannað að menntun þeirra stendur vel með þeim. Nálganir og áherslur í náminu hafa og ýtt undir gagnrýna og skapandi hugsun. Frá Háskólanum á Hólum brautskrást upp til hópa mjög færir einstaklingar.

Eyjólfur Þorsteinsson

Mér fannst nauðsynlegt fyrir mig sem tamningamann að sækja þá þekkingu og réttindi sem skólinn býður upp á. Áður en ég hóf námið gerði ég mér ekki grein fyrir hversu mikið og gott námið væri. Ég man hvað það var erfitt fyrst þegar ég hóf námið að komast að því hvað ég vissi í raun lítið. En þessi ár sem ég var á Hólum mótuðu mig sem hestamann og mun ég alltaf búa að þeirri reynslu sem ég fékk þar.

Eyjólfur útskrifaðist sem þjálfari og reidkennari vorið 2006. Hann starfar nú við tamningar í Hafnarfirði, kennir á námskeiðum einkum á Norðurlöndunum og stendur sig vel í keppnum – um þessar mundir ber hæst frábær árangur í VÍS-keppninni.

Drífa Bjarnadóttir

Námið sem ég stundaði í fiskeldisfræði hefur reynst mér hagnýtt í starfi mínu sem stöðvarstjóri á fiskeldisstöð. Jafnvel þótt ég hafi verið í fjarnámi þá var aðgengi alltaf gott að kennurunum í gegnum tölvur eða síma og alltaf tekið vel í allar spurningar. Ég upplifði skólaandann sem einstaklega jákvæðan og allt umhverfið var þægilegt. Miðað við mína persónulegu reynslu þá get ég hiklaust mælt með náminu við Háskólann á Hólum

Drífa útskrifaðist með diplómagráðu í fiskeldisfræði árið 2008. Hún starfar á Kirkjubæjarklaustri og framleiðir hina rómuðu Klausturbleikju.

Margrét Hólm Valsdóttir

Ferðamálanámið á Hólum er þannig uppbyggt að það nýtist á margan hátt í tengslum við ferðapjónustu. Þetta var frábær tími, lærdómsríkur og skemmtilegur. Að vera á Hólum er hreinlega mannþætandi því það er eitthvað í umhverfi staðarins sem nærir, bæði andlega og líkamlega. Ég valdi Hóla vegna þess að mér fannst námið lifandi, raunhæft og áhugavert. Til þess að gera langa sögu stutta, þá varð ég ekki fyrir vonbrigðum.

Margrét Hólm útskrifaðist með diplómagráðu í ferðamálafræði árið 2007. Hún er nú skrifstofustjóri á Hótel Reykhlið í Myvatnssveit.

■ NÁM Í BOÐI

Ferðamálabraut

Nám við ferðamálaeild er boðið í staðnámi og fjarnámi með staðbundnum lotum.

Diplómanám í ferðamálafræði – 90 ects

Markmið diplómanáms í ferðamálafræði er að undirbúa nemendur bæði fyrir störf í ferðapjónustu og fyrir nám til BA-prófs í ferðamálafræði við skólann. Áhersla er lögð á ferðapjónustu sem tengist menningu og náttúru hvers svæðis og er námið byggt á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Með diplómagráðunni fást staðarvarðar- og landvarðarréttindi.

Diplómanám í viðburðastjórnun – 60 ects

Markmið náms í viðburðastjórnun er að gera nemendur færari í að skipuleggja, fjármagna og stýra viðburði, gera viðburðinn upp, meta og gera grein fyrir framkvæmd hans. Námið er einnig undirbúningur frekara náms í ferðamálafræðum við skólann. Áhersla er á samþættingu hagnýtra og fræðilegra þátta viðburðastjórnunar, námið er byggt á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

BA-nám í ferðamálafræði – 180 ects

Markmið BA-náms í ferðamálafræði er að mennta nemendur til virkrar þátttöku í þróun ferðapjónustu og undirbúa þá fyrir rannsóknartengt framhaldsnám í ferðamálafræðum, ásamt því að gera nemendur færa um að hafa frumkvæði að stofnun smærri ferðapjónustufyrirtækja og gegna stjórnunarstörfum á sviði ferðamála.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Diplómanám í fiskeldisfræði – 90 ects

Markmið diplómanáms í fiskeldisfræði er að mennta fólk til þess að sinna fjölbreyttum störfum á sviði fiskeldis og fiskalíffræði. Að loknu námi eiga nemendur að geta tekið að sér sérhæfð störf í fiskeldisstöðvum og sinnt rekstri fiskeldisstöðva. Unnt er að taka námið í staðnámi eða í fjarnámi með staðbundnum lotum.

MS-nám í sjávar- og vatnalíffræði – 120 ects

Rannsóknarnám þar sem markmið námsins er að mennta vísindamenn sem geta unnið að þróun sinnar fræðigreinar og starfað sem sérfræðingar á sínu fræðisviði. Að námi loknu skulu nemendurnir vera vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám á PhD stigi.

Hestafræðideild

Hestafræðingur og leiðbeinandi – 45 einingar

Með náminu fær nemandinn sérhæfða og hagnýta þekkingu á líffræði, ræktun og meðferð hesta. Jafnframt fær hann þekkingu á landnýtingu og rekstri í atvinnugreininni. Mikil áhersla er lögð á fræðilega þekkingu og verklega færni í notkun hestsins, grunnreidmennsku, þjálfun gangtegunda og í fyrstu stigum reidkennslu.

Tamningar – 60 ects

Diplómanám í tamningum er tveggja anna nám sem skiptist í bóklegt og verklegt nám við Háskólann á Hólum og verknám á viðurkendum verknámsstað. Með náminu öðlist nemandinn fræðilega þekkingu, verklega færni og sjálfstæði í vinnubrögðum til að stunda framtamningar og framhaldsþjálfun hrossa. Að námi loknu á nemandinn að vera fær um að standa fyrir fjölþættem rekstri á sviði hestamennsku og hrossaræktar s.s. rekstri tamningastöðva.

Þjálfun og reidkennsla – 30 ects

Með náminu fá nemendur sérhæfða þekkingu og verklega færni á sviði reidmennsku og reidkennslu. Nemendur verði færir um skipulag og framkvæmd reidkennslu, fagvinnu við tamningar og þjálfun hrossa, sýningar og keppni og ýmis sérfræðistörf á sviði hestamennsku.

BS-nám í hestafræðum – 180 ects

Að náminu standa Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum.

Markmið námsins er að mennta fólk sem getur tekið þátt í faglegum þjónustu- og þróunarverkefnum í atvinnugreininni og þannig stuðlað að framförum, aukinni framlegð og bættri velferð hrossa. Að loknu náminu skal nemandinn hafa góða yfirsýn og skilning á fagsviði hestafræðanna og vera vel undirbúinn til framhaldsnáms. Kennt er bæði á Hólum og á Hvanneyri.

NAFN SVEITARFÉLAGS:

Skagaströnd



FJÖLDI ÍBÚA:


525 manns

STÆRÐ SVEITARFÉLAGS

50 km²

HVAR BYRJAR ÞAÐ OG ENDAR

Er staðsett á miðjum vestanverðum Skaga, milli Hrafnár og landamerkjá rétt norðan við golfvöllinn



VEGALENGDIR

Til Reykjavíkur

267 km, rúmlega 3 klst akstur

Til Blönduóss

22 km, 20 mín akstur

Til Sauðárkróks

54 km

Til Hvammstanga

72 km

Til Akureyrar

166 km

Skíðasvæðið í Tindastóli

35 km

SKÓLAR

Grunnskóli

Höfðaskóli, 110 nemendur

Leikskóli

Barnaból, 40 börn

Framhaldsnám

Fjölbautaskóli Norðurlands vestra

Fjarnám

Námstofa, fullbúin tölvum og fjarbúnaði

Elleiheimili

Sæborg, pláss fyrir 12 vistmenn

ÞJÓNUSTA VIÐ ÍBÚA

- Heimþjónusta aldraðra, þjónusta við fatlaða, Skólþjónusta
- Sveitarfélagið Skagaströnd sér um rekstur Félags- og skólþjónustu Austur-Húnavetninga. Þessum málaflokkum er mjög vel sinnt á starfssvæðinu.
- Apótek
- Lyfja
- Banki
- Landsbanki Íslands
- Bifreiðaversktæði
- Vélaverkstæði Skagastrandar, viðgerðir, vélar, dekk
- Bókasafn
- Bókasafn Skagastrandar
- Félagsheimili
- Fellsborg, skemmtanir, leiksýningar, góð fundaraðstaða
- Félagsmiðstöð
- Félagsmiðstöð unglinga er Undirheimar
- Hárgreiðslustofa, rakari
- Viva, hárgreiðslustofa, snyrtistofa
- Heilsugæsla
- Heilsugæslan á Skagaströnd
- Íþróttir

- Glæsilegt íþróttahús, vel búin líkamsræktaraðstaða
- Kaffihús
- Café Bjarmanes, opið á sumrin
- Pósthús
- Íslandspóstur
- Rafmagnsverkstæði
- Neistinn, rafvirkjar, viðgerðir, raflagnir, varahlutir
- Saumastofa
- Saumastofan Íris, framleiðsla, fataviðgerðir
- Söluskáli
- Veitingar, sjoppa, eldsneyti
- Útvarp
- Kántrýútvarpið
- Veitinga- og skemmtistaður
- Kántrýbær, veitingar, bar, skemmtanir, fundir

ATVINNULÍFIÐ

Hve mörg fyrirtæki hafa lögheimili í sveitarfélaginu?

25 til 30 fyrirtæki starfa á Skagaströnd

Hver er stærsti vinnustaðurinn næst stærsti og þriðji stærsti?

Frystitogarinn Amar, sveitarfélagið rekur ýmsa þjónustu, Vinnumálastofnun er með útibú á staðnum

Hver er grunnatvinnuvegur sveitafélagsins?

Sjávarútvegur, smáidnaður, verslun og þjónusta

AFBREPING

- Golfvöllir
- Háagerðisvöllur, 9 holu völlur
- Gönguleiðir
- Fjölbreyttar gönguleiðir, stikaðar og óstikaðar, fjöll og láglandi
- Hestamennska
- Mjög margir hestamenn í sveitarfélaginu
- Íþróttahús
- Glæsilegt íþróttahús, knattspyrnuvöllir ofl.
- Knattspyrnuvöllir
- Grasvöllur og lítil gervigrasvöllur
- Líkamsrækt
- Vel tækjum búin líkamsræktaraðstaða
- Mótorsport
- Mótorkrossbraut utan við bæinn
- Skíði
- Skíðasvæðið í Tindastóli
- Skotveiði
- Þjúpa, gæs ofl.
- Sundlaugar
- Sundlaug, pottur. Opið á sumrin
- Veiði
- Laxveiðiár, silungsvötn, sjóstangveiði

Á Skagaströnd eiga flestir íbúar kúrekahatt sem settur er upp á Kántrýdögum



■ NES LISTAMIÐSTÖÐ

Gestalistamenn í gömlu frystihúsi

Nes listamiðstöð var stofnuð á Skagaströnd í marsmánuði árið 2008. Nes listamiðstöð er alþjóðleg listamiðstöð sem byggir á því að listamönnum er fengin til afnota vinnustofa og gistirými á meðan á dvöl þeirra í listamiðstöðinni stendur. Gestavinnustofur listamanna eru til húsa á Fjörubraut 8 í húsnæði sem áður var fiskvinnsla. **Hrafnhildur Sigurðardóttir** er forstöðumaður Nes listamiðstöðvar.

Hrafnhildur hvernig kom þessi hugmynd til? -Hugmyndin að listamiðstöðinni kom þannig til að ég sá auglýst til sölu gamla Hólanes frystihúsið á Skagaströnd. Mér flaug strax í hug að þarna væri frábær bygging fyrir listamiðstöð með gestavinnustofum, enda er ég sjálf myndlistarkona og hef dvalið á slíkum stöðum í Danmörku, Noregi og á Spáni. Þessi hugmynd lét mig ekki í friði svo ég sendi hana á Adolf H. Berndsen og Ingiberg Guðmundsson í byrjun árs í fyrra.

Þeim fannst hún greinilega ekki afleit og komu henni á framfæri við nýja eigendur hússins þá Steindór Haraldsson og Lárus Ægi Guðmundsson. Það varð reyndar svo annað og minna frystihús sem varð fyrir valinu fyrir gestavinnustofurnar, en þessi hópur fylgdi málinu stíft eftir ásamt Magnúsi B. Jónssyni sveitarstjóra og listamiðstöðin leit síðan dagsins ljós fyrir sléttu ári síðan.

Nú leið stuttur tími frá því að hugmyndin kviknaði og þangað til fyrsti hópur listamanna mætti á svæðið var ekkert mál að láta allt ganga upp? -Margar hendur vinna gott verk segir máltækið. Ég var alls ekki ein í þessu því að í stjórn Ness valdist einvala lið sem lagði nótt við dag á lokasprettinum. Stjórnina skipa Sigríður Gestsdóttir stjórnarformaður, Þorgerður Hlynsdóttir, Sigríður Þorgrímsdóttir frá Byggðastofnun, Guðbjörg Ólafsdóttir, Signý Richter og Steindór Haraldsson. Þau unnu sleitulaust að undirbúningnum hér á Skagaströnd, með standsetningu íbúða og vinnustofa meðan ég sá um kynningar- og skrifstofuhliðina frá Reykjavík. Allt varð

að sjálfsgöðu að gerast hratt þar sem fyrstu listamennir komu á sjómannaþinginn 30. maí.

Hvernig hefur hugmyndinni verið tekið? -Það er ekki hægt að segja annað en að hugmyndinni hafi verið tekið vel bæði af bæjarbúum sem og innlendum og erlendum listamönnum. Það sýnir sig best í því að aðsókn að viðburðum í Nesi, hvort heldur er opið hús eða listnámskeið er mjög góð eða eins og best lætur á höfuðborgarsvæðinu.

Hefur verið vandamál að fá listamenn til þess að koma? -Nei það hefur ekki verið vandamál að fá listamenn til að koma. Ísland er vinsælt land hjá listamönnum og Skagaströnd þykir sérlega falleg sveit.

Listamennirnir sækja hingað innblástur og sjónræna upplifun sem þeir safna í sarpinn og nýta í sína listsköpun á næstu mánuðum og árum. Hér eru til að mynda þrjár listamenn núna sem aldrei hafa séð snjó áður. Það eru þau Lucas frá Brasilíu, Julieta frá Portúgal og Noemi frá Suður-Ítalíu. Þeim þykir þetta alveg ótrúleg upplifun að vaða skaflana upp á læri og enginn trúir þeim ytra.

Hvað kostar dvölin og hvað er innifalið í henni? -Gestavinnustofugjaldið er mismunandi eftir fjölskyldustærð allt frá 400-650 evrum. Innifalið í því er herbergi í íbúð ásamt vinnustofurými í listamiðstöðinni.

Hvernig lítur framhaldið út, er aðstaðan vel nýtt? -Árið lítur mjög vel út því það er fullbókað út október og langur biðlisti yfir sumarmánuðina. Við eigum því eingöngu eftir að fullbóka í nóvember og desember. Við erum nú á vormánuðum að stækka smám saman frá því að geta tekið á móti 6-9 listamönnum upp í að geta hýst 15-20 listamenn, en við gætum tekið á móti miklu fleirum yfir sumarið ef húsrúm leyfði.

Eitthvað að lokum? -Ekki nema að auglýsa hér með eftir meira húsnæði til leigu fyrir listamiðstöðina, því hér er allt í þenslu bæði hjá Nesi, Biopol og svo hjá Vinnumálastofnun þannig að nú er bara farið að vanta leiguhúsnæði að því ég fæ best séð. Það er orðið hálfgerð slagorð hjá mér þegar ég er að tala um bæinn og listamiðstöðina í Reykjavík að það sé nú „engin kreppa á Skagaströnd.“

■ GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ

Lykilatriðið er að vera ófeimin

Ólafía Lárusdóttir er verkefnisstjóri hjá BioPol ehf Sjávarlíftækni setri á Skagaströnd. Ólafía útskrifaðist með Bs í líffræði frá Háskóla Íslands árið 2004 en sem hluta af náminu dvaldist hún á Svalbarða árið 2002 og nam þar heimskautalíffræði við The University Centre in Svalbard. Þessa stundina er hún að vinna í að klára mastersnám í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands. Ólafía hefur búið rúm t ár á Skagaströnd og líkar vel.

Hvað kom til að þú fluttir á þennan stað? -Mér bauðst spennandi vinna hjá BioPol sem ég bara gat ekki annað en stökkið á.

Hafðir þú komið þangað áður? -Við komum víst hingað í útílegu þegar ég var lítill en ég man ekki eftir því.

Hvernig líkar þér? -Mér líkar rosalega vel hérna. Bærinn er fallegur og fólkið gott.

Eitthvað sem kom á óvart? -Hvað er í raun mikið um að vera hérna og hversu mikil þjónusta er í boði.

Hvernig gekk að komast inn í samfélagið? -Það hefur gengið mjög vel enda einstaklega vingjarnlegt fólk sem býr hér í bæ. Lykilatriðið er að vera ófeimin að taka þátt í öllu því sem er um að vera þá kemur allt annað að sjálfu sér.

Hverjir eru helstu kostir þess að búa á litlum stað úti á landi? -Nálægðin við náttúruna, stutt í vinnuna.

En gallar? -Helsti gallinn er hvað það er langt í mat til mömmu.

Ert þú komin til þess að vera? -Já ekki spurning en maður veit samt aldrei hvað lífið hefur uppá að bjóða.



Á Skagaströnd er skotið úr fallbyssu á tyllidögum

■ Á TEIKNIBORÐINU:

MAGNÚS JÓNSSON SVEITARSTJÓRI

Hér er einfaldlega gott að búa

Magnús B. Jónsson er sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar. Magnús var spurður út í hvaða verkefni væru á teikniborði sveitarstjóra.

Hvað er það svona helst sem sveitarfélagið er að framkvæma þessa dagana? -Við erum bara kát hér á Skagaströnd eins og alltaf. Við erum að vinna að aðalskipulagi sem við tengjum einnig inn í Staðardagskrá 21 og í sambandi við það hafa komið upp fjölmargar áhugaverðar hugmyndir sem við erum að vinna úr.

Á þessu ári er ekki ætlunin að fara í neinar stórfamkvæmdir. Við sinnum hins vegar margvíslegum viðhaldsverkefnum á húsnum og götum og erum m.a. að gera upp elsta hús á staðnum sem byggt var 1899. Við höfum leitast við að miða framkvæmdir fremur við mannaflsrek verkefni en halda frekar aftur af innkaupum. Við höfum einnig lagt talsverða áherslu á að bæta umhverfið með því að endurgera umhverfi opinberra bygginga og aðkomu að þeim. Markmiðið er auðvitað það að gera Skagaströnd að enn betri bæ að búa í og fylgja eftir stefnu um snyrtilega byggð.

Af stærri framkvæmdum höfum við verið með sundlaug á teikniborðinu sem við höfum að vissu leyti hengt við möguleika okkar til að koma á hitaveitu. Reiknað er með að sundlaugin komi við ípróttahúsið sem stendur í miðjum bænum. Frumhönnun sundlaugarinnar er langt komin en engin ákvörðun hefur verið tekin um framkvæmdir eða sett niður tímaáætlun fyrir byggingu hennar. Sama gildir um hitaveitufamkvæmdir sem við bindum miklar vonir við. Þar hefur óstöðugleiki

á fjármálakerfi landsins sett mikið strík í reikninginn og í raun ruglað áætlanir um hitaveitufamkvæmdir eins og svo margt annað. Við reiknum hins vegar með að hefja undirbúning við hitaveitu þegar meiri stöðugleika er að vænta.

En hvað atvinnumálin varðar er eitthvað spennandi í spilunum þar? -Já, við bindum miklar vonir við að rannsóknarfyrirtækið BioPol ehf nái góðri fótfestu og skapi aukin störf og verðmæti í gegnum rannsóknarverkefni. Það eru einnig bundnar vonir við áhugverðar hugmyndir Spákonuvarfs ehf. sem stefnir að því m.a. að gera spádóma, forna síði og fleira því tengt að aðdráttarafi fyrir ferðamenn. Það er unnið markvisst að því að koma upp aukinni starfsemi tengdri menntun og rannsóknum.

Á vettvangi samstarfs sveitarfélaganna í A-Hún er einnig unnið að stærri verkefnum s.s. netþjónabúi ofl. sem munu hafa mjög jákvæð áhrif á allt héraðið ef af verður.

Það er einnig mjög mikilvægt fyrir samfélagið á Skagaströnd að hér verði stofnað eða hingað fletjast gott framleiðslufyrirtæki af einhverju tagi. Við erum að vinna í þessum málum og leitum eftir samstarfi við aðila sem hugsanlega hefði áhuga á að fletjast með fyrirtæki sem við gætum keypt hlut í.

Ertu bjartsýnn á næstu ár atvinnulega séð? -Já, ég sé ekki fram á að miklar breytingar verði til hins verra á atvinnutækifærum á Skagaströnd. Yfirvofandi heimskreppa kann auðvitað að hafa áhrif sem við sjáum ekki fyrir nú en við vinnum ótraud að því að fjölga fyrirtækjum hér sem geti leitt af sér fólksfjölgun á staðnum og höfum leitast við að treysta þann atvinnugrunn sem er fyrir.

Af hverju ætti fólk að taka sig upp og flytja til Skagastrandar? -Hér er einfaldlega afar gott að búa því samfélagið er heilsteypt og sterkt. Bærinn er fallegur og hér búa hlutfallslega fleiri ungar fjölskyldur en víða annars staðar. Grunnskólinn er góður og þar stunda 110 nemendur nám. Félagslífið er mikið og námið vel skipulagt og árangur nemenda góður.

Miklar breytingar hafa orðið á bæjarlífinu á undanförmum árum. Starfandi er Nes-listamiðstöð og mánaðarlega koma hingað listamenn af öllu tagi. Þeir dvelja hér í einn til þrjú mánuði í senn við listskópun sína og nokkrum sinnum á ári hafa þeir opið hús kynna list sína. Þetta hefur reynst vel og er gefandi fyrir bæjarbraginn.



Fjöldi lítilla fyrirtækja hefur sprotnað upp af sprotnámskeiðum á síðustu tveimur árum!

Undanfarin ár hefur verið starfandi vinsælt kaffihús á sumrin í fallegu húsi við sjóinn sem nefnist Bjarmanes. Kántrybær er góður veitingastaður sem er auðvitað heimsfrægur á Íslandi. Hann er nú opin allt árið. Þar er á virkum dögum rekið skólamiðuneyti og um helgar eru oft ýmsir atburðir bæði tónleikar og dans. Spurningakeppnin "Drekktu betur" hefur einnig verið á dagskrá annan hvern föstudag frá því í haust og er orðið mjög vinsæl.

Félagslífið á Skagaströnd er með miklum blóma. Fyrirtækið Spákonuvarfur bauð upp á leiksýningar síðasta haust og var þar um að ræða frumsamið leikverk um Þórdísi spákonu sem er talin landnámsmaður á þessu svæði. Spákonuvarfur hefur einnig boðið upp á gönguferðir á Spákonufell og ætlunin er að innan skamms verði opnað Spákonuhof, miðstöð spádóma og rannsókna á Íslandi.

Á síðasta ári voru lagðir göngustígar um Spákonufellshöfða, sem er í útjaðri bæjarins. Upplýsingaskilti um fugla og gróðurfar voru sett upp á gönguleiðunum og gefinn út bæklingur um Höfðann.

Staðreyndin er sú að Skagaströnd er ákaflega vel staðsettur bær. Náttúran er tilkomumikil og fögur. Landið er allt vel gróið allt upp á hæstu fjallatinda. Íbúarnir nýta sér umhverfið afar mikið, fara í gönguferðir og njóta landsins jafnt sumar sem vetur. Og ekki má gleyma frjálrsæðinu sem slíku fylgir fyrir börn og unglinga. Fólk sem flutt hefur hingað frá suðvesturhorninu talar mikið góða veðrið hérna og þakkar mikið fyrir að vera laust við árans slagveðursrigninguna. Eða eins og góður maður sagði; Á Skagaströnd er eins og að eiga heima í sumarbústaðnum sínum.

Við erum auðvitað bæði sjálfstæð og örugg með okkur hérna á Skagaströnd.

Við teljum það líka til kosta fyrir búsetu hér hvað stutt er í allar áttir. Samgöngurnar eru afar góðar, rétt um þriggja tíma akstur til Reykjavíkur. Og aðeins skottúr til Sauðárkróks eða Blönduóss.



■ BIOPOL EHF. Á SKAGASTRÖND

Hugmynd sem varð að veruleika

BioPol ehf. á Skagaströnd er sjávarlíftæknisetur sem stofnað var síðsumars árið 2007. Hugmyndin að stofnun fyrirtækisins spratt eftir framboðsfund með Einari Oddi Kristjánssyni heitnum sama vor. Einar Oddur var þeirrar skoðunar að fólk ætti ekki að bíða eftir björgun heldur bjarga sér sjálf. **Halldór G Ólafsson** er framkvæmdastjóri Biopol ehf, en í dag vinna 5 hjá fyrirtækinu.

BioPol ehf er rannsóknarsetur sem byggir á rannsóknum á lífríki Húnaflóa. Á heimasíðu fyrirtækisins segir að markmið rannsóknanna geta m.a. beinst að möguleikum á nýtingu sjávarfangs

sem ekki hefur haft skilgreind not eða eiginleikar ekki verið þekktir. Einnig gæti rannsóknarstarfið beinst að umhverfissvöktun með sérstaka áherslu á að fylgjast með breytingum á lífríkinu,

áhrifavöldum og afleiðingum. Á vettvangi lífríkisrannsókna verði byggt upp samstarf við sambærilegar rannsóknarstofur bæði innan lands og utan. Með uppsetningu og skilgreiningu á varðveisluaðferðum og búnaði til varanlegrar og tryggjar gæslu lífsýna verði byggður upp lífsýnabanki fyrir sjávarlífverur í vistkerfi hafsins við Ísland. Við rannsóknir á vettvangi sjávarlíftækni verði lögð áhersla á að kortleggja þau verðmæti sem þekkt eru ásamt því að leita nýrra

verðmæta og leita nýsköpunar og nýrra möguleika til verðmætasköpunar úr sjávarfangi t.d. á vettvangi fæðubótaefna, snyrtivara, sem og íblöndunarvara fyrir matvæla- og fóduriðnað.

Jafnframt segir að þess sé vænst að á næstu fimm árum muni fyrirtækið ná að byggja upp nauðsynlega færni með því að hafa 5 – 7 sérfræðinga auk aðstoðarfólks og meistara og doktorsnema, þannig að fyrirtæki og sjóðir telji fýsilegt að fjárfesta enn frekar í rannsóknum og þróun á sviði líftækni. Þá er þess vænst að niðurstöður verkefna setursins „leiti út á markað“ og að í framhaldinu myndist sprotafyrirtæki sem hefji framleiðslu á ýmsum vörum til neytenda eða til áframhaldandi vinnslu. Slík fyrirtæki yrðu ekki síst stofnuð á landsbyggðinni í nágrenni setursins. Þá er þess vænst að setrið tryggi forystu Íslands á nýtingu verðmæta úr sjó og sjávarfangi og geri svæðið að n.k. „Silicon Valley“ á starfssviði sínu.

Ekki bara þægileg skrifstofuvinna

Hafandi kynnt sér fyrirtækið á netinu má reikna með að þar vinni starfsfólk einungis í hvítum sloppum og þægilegri skrifstofuvinnu. Reyndin er önnur en starfsmenn fara meðal annars á sjó með grásleppuköllum þar sem þeir merkja hrognkelsi, kryfja grásleppu og vinna allskonar slorvinnu.

–Nei, það er rétt þetta er alls ekki allaf bara þurrt og þægilegt skrifstofustarf en hins vegar

fer hvítu sloppunum ört fjölgandi með auknum fjölda starfsmanna svarar Halldór spurningu blaðamanns og hlær.

Hverslags verkefni eru þið að vinna að núna? –Núna má segja að séu í gangi fjögur meginverkefni. Fjölpætt verkefni er snýr að líffræði og auknum nýtingarmöguleikum hrognkelsa, rannsókn á fæðunámi sela, könnun á veidanleika og líffræði beitukóns í Húnaflóa og umhverfissvöktun á svæðum sem hugsanlega gætu nýst til ræktunar á kræklingi.

Hugmynd sem varð að veruleika

Biopol lifir á styrkjum auk þess sem verkefni sem nú eru unnin eru styrkt af verkefnasjóði sjávarútvegs á samkeppnissviði, AVS sjóðnum, Vaxtarsamningi NV ásamt framlögum frá Fjárlaganefnd Alþingis. Við höfum í dag þessi 5 stöðugildi auk þess sem við munum væntanlega sækjast eftir styrkjum til þess að ráða til okkar nema til þess að vinna að rannsóknum með okkur í sumar segir Halldór.

Ljóst er að hugmynd sem kviknaði á framboðsfundi er orðin að veruleika og vel það. Gott dæmi um hve dýrmætt frumkvæði og þor heimamanna getur reynst.

Á Norðurlandi vestra er mikill frumkvöðlakrafur

■ SPROTAFYRIRTÆKI

Spákonuafur

Spákonuafur er viðskiptahugmynd **Dagnýjar Marínar Sigmarsdóttur** og samstarfsskvemma á Skagaströnd um ýmislegt er tengist Þórdísi spákonu.

„Kona hét Þórdís og illa lynd; hún bjó að Spákonufelli á Skagaströnd,“ þetta segir í Kormákssögu og Vatnsdæla segir að hún hafi verið bæði mikils verð og margs

kunnandi, forvitra og framsýn og var tekin til að gera um stórmál. Einnig er sagt að Þórdís hafi og verið ráðrík í héraði svo hún vildi nálega ein öllu ráða norðan af Skagatá og inn að Laxá ytri og var þar fyrir öllum héraðsmönnum svo engum dugði að sitja eða standa öðruvísi en Þórdís vildi, svo var ríki hennar mikið.

Á Skagaströnd er starfandi Menningarfélagið Spákonuafur en það stendur fyrir ýmsum menningarverkefnum tengd

Þórdísi spákonu. Staersta viðfangsefnið er undirbúningur að hönnun og útfærslu á Spákonuhofi og Þórdísarstofu. Spákonuhof á að vera miðstöð spádóma og rannsókna á spám á Íslandi. Þar verður spáð fyrir ferðamönnum og gestum og allskonar spár kynntar fyrir gestum.

Í Þórdísarstofu verður Þórdísar spákonu minnst með fjölbreyttum hætti og sýningarhaldi. Unnið hefur verið að öðrum verkefnum í tengslum við Þórdísi spákonu.

Má þar m.a. nefna Þórdísargöngur á Spákonufell, og uppsetningu leikþáttar um Spákonuna, sem sýnt var á Skagaströnd í október 2008, við góðar undirtektir.

Í lok október 2008 fékk Spákonuafur styrk frá Menningarráði SSSNV til að láta gera afsteypu af Þórdísi spákonu. Einnig er verið að vinna að skemmtilegu verkefni, “Húsin okkar”, sem er söfnun upplýsinga um þau hús er stöðu á Skagaströnd á árunum 1840–1940.



FARSKÓLINN – MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á NORÐURLANDI VESTRA

Öflug þjónusta



Farskólinn veitir öfluga þjónustu í menntamálum á Norðurlandi vestra. Hún skiptist í fjóra meginþætti: símenntun/ endurmenntun, stök námskeið, þjónusta við fjarnema og fjarfundi.

Símenntun/endurmenntun

Í boði er nám fyrir einstaklinga með litla formlega menntun sem vilja búa sig undir frekara nám, s.s. sjúkraliða- eða félagsliðanám eða vilja hefja nám í framhaldsskóla. Þetta eru námsleiðir sem kenndar eru skv. námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og geta gefið einingar sem metnar eru inn í framhaldsskólana, allt frá 5 upp í 24 einingar. Þessar námsleiðir eru m.a. Grunnmenntaskólinn (300 kest), sem kenndur hefur verið á Siglufirði, Hofsósi og nú á Hvammstanga; Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu (198 kest), Skref

til sjálfshjálpar í lestri og ritun (60 kest), Skrifstofuskólinn (240 kest), Færni í ferðaþjónustu (60 kest) o.fl.

Í Farskólann koma að jafnaði starfsmenn ýmissa stofnana og fyrirtækja í Skagafirði og sækja fjarfundi á vinnutíma um efni sem tengjast störfum þeirra. Má þar nefna starfsmenn sveitarfélagsins, Háskólans á Hólum, Kaupfélags Skagafirðinga og fleiri.

Farskólinn sér jafnframt um að skipuleggja og sjá um námskeið eftir óskum fyrirtækja. Vinnuálastofnun og Heilbrigðisstofnanirnar á Sauðárkróki, Siglufirði og Blönduósi eru meðal þeirra sem hafa nýtt sér þessa þjónustu fyrir stóran hluta starfsmanna sinna.

Stök námskeið

Þessum námskeiðum má skipta í fjóra meginflokkka: tungumál, tölvur, tómskundanámskeið og starfstengd námskeið. Vinsælust

hafa verið tungumálanámskeiðin; íslenska fyrir útlendinga og enska og ljósmyndanámskeiðin fyrir stafrænar myndavélar og Photoshop. Af tómskundanámskeiðum er m.a. boðið upp á silfursmíði; að stytta gallabuxur; publisher o.fl.

Háskólanám – fjarnám

Fjölmennustu hóparnir hafa stundað kennaranám, bæði grunn- og leikskólakennaranám, við Háskóla Íslands menntavísindasvið og Háskólann á Akureyri en þaðan er einnig kennd hjúkrunarfræði í fjarnámi. Margir nemendur koma í Farskólann eftir að hefðbundnum vinnutíma lýkur og sækja fjarkennslu m.a. í ýmsum greinum viðskiptafræði: fjármálafræði, markaðsfræði, stjórnunarfræði, ferðaþjónusta.

Í desember og maí koma all margir fjarnemar í Farskólann til að þreyta próf í þeim greinum sem þeir stunda viðbótarnám í, ýmiss konar mastersnám o.fl. Í desember 2008 voru tekin hátt í 200 próf í Farskólanum og námsverum hans.

Önnur þjónusta sem Farskólinn veitir:

Náms- og starfsráðgjöf, ýmist á vinnustöðum eða í Farskólanum. **Markviss sérfræðiráðgjöf** og sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir. **Ráðgjöf** til þeirra sem glíma við lestrar- og skriftarvanda.

Fyrir utan skrifstofuna á Sauðárkróki er einnig skrifstofa á Blönduósi sem er opin tvisvar í viku og námsver og námsstofur á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Siglufirði. Allar upplýsingar um þjónustu og opnunartíma má sjá á heimasíðu Farskólans, www.farskolinn.is eða í sínum 455-6010, 455-6011 (Sauðárkrúkur) og 864-6014 (Blönduós).

AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLA

Eflum byggð

Verkefnið **Eflum byggð** hófst sl. haust í Austur-Húnavatnssýslu og lauk fyrri hluta þess nú í byrjun marsmánaðar 2009. Verkefnisstjóri er Gunnar T. Halldórsson. Styrkur til verkefnisins fékkst frá Menntamálaráðuneytinu vegna kvótaniðurskurðar á landsbyggðinni. Verkefnið er unnið í samstarfi við Hólaskóla og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Um verkefnið: Eflum byggð er námsbraut fyrir fullorðna. Þetta er tveggja ára nám sem samanstendur af fjórum námsöllum. Námið er fjölþætt með almennumbóklegum greinum og sérhæfðara námi eins og frumkvöðlafræði og nýsköpun. Námið er sniðið af þörfum hvers og eins með það í huga að hver og einn geti unnið á sínum hraða og eftir fyrri þekkingu.

Þetta nám er hægt að fá metið til allt að 24 einingum í framhaldsskóla og á þann hátt getur þetta verið gott innlegg í frekara nám. Námið getur einnig nýst sem upprifun í ört vaxandi

tækni tölvunnar og í ensku til dæmis með aukinni netnotkun til upplýsingaleitar. Námið á einnig að ná fram á yfirborðið atvinnu- og menningarhugmyndum nemenda í héraðinu og á þann hátt stuðla að frumkvöðlastarfi og nýsköpun. Námið er gjaldfrjálst sem og öll námsgögn.

Verkefnið fór vel af stað í Austur – Húnavatnssýslu. Tuttugu og tveir nemendur skráðu sig í námið á Blönduósi og tólf á Skagaströnd. Með þeim fjölda gat Farskólinn boðið upp á tvo hópa í hvorum þéttbýliskjarna fyrir sig. Það var sannanlega stefna okkar að kenna bæði á Blönduósi og Skagaströnd til þess að nemendur gætu gengið að námi í sínum heimabæ og þannig sparað peninga og tíma. Það markmið tókst og er því kennt þrjú kvöld í viku á hvorum stað fyrir sig. Þetta er því mikil lyftistöng fyrir sýsluna að geta átt kost á þessu námi í sínu héraði, þar sem ekki er framhaldsskóli í Austur – Húnavatnssýslu. Atvinnulega er þetta verkefni einnig mikilvægt á þessum óvissutímum. Við þessa námsbraut skapast sjö störf í sýslunni við kennslu og umsjón.

SOLVEIG PÉTURSDÓTTIR

Námsefnið er gott og námið markvisst

Solveig Pétursdóttir er ein af dugmiklum nemendum Grunnmenntaskólans á Hofsósi. Solveig er gift fjögurra barna móðir og vinnur sem skólaliði í Grunnskólanum á Hofsósi.



Solveig, þú átt stóran þátt í því að það tókst að koma Grunnmenntaskólanum af stað sl. haust. Viltu segja aðeins frá því? -Já, það var þannig að ég hafði lengi haft hug á því að komast í þetta nám, sérstaklega eftir að verkefninu Breytum byggð var lokið þá fannst mér að þetta væri alveg kjörlið framhald á því námi. Ég vissi líka að það voru margir hér á þessu svæði sem vildu gjarnan fá námskeið í tölvu og ensku þannig að ég fór bara að kynna þetta aðeins fyrir fólki hér og reyna að ná í þennan hóp sem þurfti til að koma þessu á. Síðan kom Farskólinn hingað með kynningu og upplýsingar um námið.

Mörgum fannst þetta ansi stór pakki því að þetta eru jú um 300 klst. en sem betur fer náðist í góðan hóp sem var tilbúinn að skella sér í þetta og ég held að enginn af okkur sjái neitt eftir því.

Það er bara alveg meiriháttar að geta nýtt sér aðstöðuna og þá kennara sem eru hér á svæðinu í þetta verkefni en þurfa ekki að sækja alla hluti eitthvert annað. Þó að fjarnám sé líka mjög góður

kostur þá er það allt annað að geta sótt tíma hér á staðnum.

Hvernig hefur skólinn það sem af er staðist væntingar þínar? -Bara mjög vel, námsefnið er gott og námið markvisst svo eru kennaramir og hópurinn náttúrulega alveg frábær.

Nú eruð þið þrjú kvöld í viku, frá 6 til 10, sem er nokkuð strembið eftir langan vinnudag.

Er ekkert erfitt að koma sér af stað? -Jú, það getur verið stundum svolítið erfitt og maður er orðinn ansi þreyttur á miðvikudögum en við erum held ég öll sammála um það að þegar við erum komin í skólann þá gleymum við því og tíminn er ótrúlega fljótur að líða.

Hvernig reiknar þú með að námið nýtist þér í framtíðinni? -Allt nám nýtist manni á einhvern hátt og ég held að þetta verði til þess að ég haldi áfram í einhverju áhugaverðu námi eftir þetta.

HERDÍS KLAUSEN

Starfsfólkið er auðlind stofnunarinnar

Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki er ein af þeim stofnunum sem hefur í auknum mæli nýtt sér þjónustu Farskólans við skipulagningu og umsjón námskeiða sem hentar starfsemi stofnunarinnar hverju sinni. Við leitum þvi til **Herdísar Klausen**, hjúkrunarforstjóra, til að forvitnast um hvernig þessi námskeið hafi nýst Heilbrigðisstofnuninni og starfsmönnum hennar.

Nú hefur þinn vinnustaður verið duglegur að nota Farskólann til endurmenntunar starfsmanna. Hvernig hefur það skilað sér inn í starfsemi þinnar? -Með aukinni almennri þekkingu og meiri starfsánægju. Starfsmenn stofnunarinnar eru helsta auðlind hennar og það skiptir miklu máli að þeir geti notið endur- og símenntunar. Gegnum tíðina hefur verið boðið uppá mjög fjölbreytt nám hjá Farskólanum sem nýst hefur í starfsstólunám, tungumálanám og ýmis fag tengd námskeið, mér sýnist framboðið og fjölbreytnin stöðugt vera að aukast. Farskólinn gerir fólki einnig kleift að stunda fjarnám á háskólastigi og nokkrir starfsmenn hafa nýtt sér það. **Er það einungis fagmenntað fólk sem sækir endurmenntun eða**



einnig ófaglærðir? -Það geta allir sótt endurmenntun. Við höfum í samvinnu við Farskólann m.a. verið með samskiptanámskeið sem allir hafa átt kost á að sækja. Einnig hafa verið námskeið sem eru sérstaklega fyrir fagmenntað fólk og/eða fyrir ófaglærða. Í Viku símenntunar hefur

Farskólinn verið með kynningu á námsframboði hér á stofnuninni og það hefur kveikt í fólki enda er framboðið mikið og flestir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. **Ef Farskólans nyti ekki við, gætuð þið þá sótt þessa menntun annað eða væri hún ekki til staðar?** -Farskólinn gerir það að verkum að fleiri geta sótt námskeiðin. Hægt er sækja menntun og fræðslu annars staðar en það er mun dýrari kostur.

Eru einhver spennandi námskeið framundan hjá ykkur í vetur? -Framundan er námskeið í starfsmannasamtölum, fyrir stjórnendur og almenna starfsmenn. Starfsmenn hafa svo skráð sig á ýmis námskeið á vegum Farskólans, svo sem Fagnámskeið I og námskeið fyrir heilbrigðisritara.



■ GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ

Keyptu hús áður en árið var liðið

Arnþór Gústavsson, sérfræðingur við Hólaskóla og **Ásdís Árnadóttir**, kennari við Árskóla á Sauðárkróki, fluttu á Krókinn í júlí árið 2007, hann í sjötta en hún í fimmta sinn í Skagafjörð. Þau ætluðu að gefa Sauðárkróki tækifæri í eitt ár eða svo, en ári síðar voru þau flutt í eigið hús og komin með sitt fyrsta barn.

Það var starf Arnþórs sem dró þau á Sauðárkrók en hann er sérfræðingur við Hólaskóla með aðsetur í Verinu á Sauðárkróki. –Það er svolítið skondið að segja frá því að þegar ný

heimasíða Hólaskóla var tekin í notkun á dögnum vantaði skýr og skilmerkileg starfsheiti á alla starfsmenn. Þegar ég var beðinn að lýsa því hvað ég geri kom runan; ég kem að kennslu,

er verkefnastjóri, sé um rekstur á tilraunaaðstöðu, auk þess sem ég hleyp í fleiri verk. Samheitið yfir þetta allt saman er stutt og laggott, sérfræðingur, útskýrir Arnþór kíminn.

En hvað er Verið? – Verið er í raun vísindagarðar. Þarna er Hólaskóli með aðstöðu til kennslu og rannsókna, Mátis og Ice Protein eru þarna til húsa auk þess sem starfsmenn Nýsköpunarsjóðs eru væntanlegir. Verið er á tveimur hæðum með kennslu og skrifstofuaðstöðu á efri hæð en á neðri hæð erum við með tilraunaaðstöðu.

Áður en Arnþór og Ásdís fluttu á Sauðárkrók höfðu þau búið með hléum á Hólum í Hjaltadal, þar sem Ásdís náði sér meðal annars í diplómagráðu í Ferðamálafræði. –Skagafjörðurinn hefur óneitanlega

togað í okkur og ég fengi hvergi annars staðar á landinu sambærilega vinnu nema ef ske kynni hjá Hafró í Grindavík.

Við vorum þrjú ár á Akureyri þar sem Ásdís var í kennaranámi og ég á sjávarútvegsbraut en staðurinn togaði ekki í okkur. Mér fannst Eyfirðingar lokaðir upp til hópa og mér virtust Akureyringar keppast við að vera stærri en þeir eru, segir Arnþór og Ásdís á orðið. –Við vorum alveg ákveðin í að setjast að einhvers staðar úti á landi enda viljum við ala börnin okkar upp á landsbyggðinni. Við ætluðum okkur ekki endilega að setjast að á Sauðárkróki enda höfðum við fyrirfram örlitla fordóma út í bæinn. Við höfðum hugsað okkur að búa á Hólum og keyra í vinnu niður á Sauðárkrók, ég í Árskóla og hann í Verið. Síðan komumst við að því að það væri ekki sérlega

skynsamlegt og ákváðum því að gefa Króknum séns. Ekki þótti þeim Krókurinn verri en svo að innan við ári eftir að þau fluttu í bæinn voru þau búin að festa kaup á einbýlishúsi við miðbæinn. –Það var eiginlega alveg óvart að við keyptum. Við vorum að leita að húsi með bílskúr í gamla bænum og þegar við skoðuðum þetta hús voru fleiri að skoða og gera tilboð þannig að það var að hrökkva eða stökkva sem og við gerðum, segir Arnþór.

Krókurinn hefur þá ekki verið svo slæmur eftir allt saman? –Nei, síður en svo. Við erum komin hér á bólakaf í félagsstarf, eiginlega í of miklu starfi ef eitthvað er, segja þau og hlæja bæði. Sem dæmi um félagsstarfið þá lék Ásdís í uppfærslu Leikfélags Sauðárkróks sl. vor, hún er í fjórum saumaklúbbum og fer á mömmumorgna í kirkjunni. Arnþór er í stjórn björgunarsveitarinnar Skagafjörðingaveitar auk þess að vera í skotfélaginu Ósmann og hafa starfað með Kiwanisklúbbnum Drangey á síðasta starfsári. –Síðan renni ég hýru auga til 4x4 klúbbsins, segir hann og glóttir. –En svona fyrir utan félagsstarfið má líka segja að hér sé allt til alls. Það sem okkur finnst vanta eru þá frekar lúxusvandamál fremur en einhverjar nauðsynjar, segir þau að lokum.

Íbúar á Norðurlandi vestra eyða litlum tíma daglega í bíl og eiga því meiri frítíma en íbúar á höfuðborgarsvæðinu!



■ RÆTT VIÐ ÞORSTEIN BRODDASON

Trefjar hið nýja ál?

Fyrir tæpu ári var á Sauðárkróki stofnað félag um undirbúning og könnun byggingar koltrefjaverksmiðju á Sauðárkróki. Vinna félagsins er enn í fullum gangi og alls ekki útilokað að koltrefjaverksmiðja verði reist. Jafnframt eru skoðaðir möguleikar á framleiðslu basalttrefja á Sauðárkróki.

Þorsteinn Broddason, framkvæmdastjóri Hátækniseturs Íslands með aðsetur á Sauðárkróki, er manna fróðastur um trefjar.

Hvað eru trefjar eiginlega og hvernig eru þær notaðar? –Manngerðar trefjar eru í raun byggingarefni sem hægt er að nota til að framleiða næstum hvað sem er. Í raun er hægt að segja að notkun trefja sé eftirlíking af timbri, en tré er í raun samsafn trefja sem eru festar saman með viðarkvoðu. Með notkun manngerðra trefja eru trefjarnar notaðar til að fá styrk í framleiðsluvörur en plastefni er notað til að halda þeim saman. Þannig má framleiða mjög sterka hluti sem hafa eiginleika eins og léttleika, tæringarþol og fleira sem skiptir máli. Trefjar eru því notaðar í ýmsa framleiðsluhluti eins og

fiskibátana íslensku, flugvélar og sportvöru svo eitthvað sé nefnt.

Eru trefjar þá að leysa af hólmi málm eins og ál? –Vissulega eru trefjar að leysa hefðbundin smíðaeefni af á ýmsum sviðum. Það þýðir þó ekki að eftirspurn eftir málmum eins og áli eigi eftir að minnka. Besta dæmið um þetta er kannski vindmylluiðnaðurinn sem var búinn að ná ákveðnum takmörkum í stærð vindmyllanna meðan þær voru smíðaðar úr málm. Með tilkomu trefja, fyrst glertrefja svo koltrefja var hægt að stækka myllurnar verulega, en það kallaði á jafn mikil ef ekki meira af málmum en áður.

Er raunhæft að framleiða trefjar á Íslandi? –Já það er það. Þetta er ekki orkufrekur iðnaður samanborið við stór-íðju eins og álver, en orkan er stór hluti framleiðslukostnaðar manngerðra trefja, hvort sem um er að ræða glertrefjar, basalttrefjar, koltrefjar, Aramid eða Kevlar. Hagstætt orkuverð hér á landi bætir fyrir flutningskostnað frá landinu og vel það. Hvað varðar basalttrefjaframleiðslu eru góðar líkur á að hægt sé að finna hráefni til framleiðslunnar hér á landi. Koltrefjaverksmiðja eða basalttrefjaverksmiðja eru líka mjög hentugar stærðir fyrir lítill samfélög eins



Norðurland vestra er eitt söguríkasta svæði landsins

Eru efnin þá í samkeppni við hvort annað? –Ekki beint. Koltrefjar eru mjög léttar og sterkar og basalttrefjar keppa ekki við þær í þyngd á móti styrk. Hinsvegar eru basalttrefjar hlutfallslega ódýrar í framleiðslu og passa því ágætlega inn í vörur þar sem léttleiki skiptir máli en verð skiptir meira máli.

Telurðu líklegt að framleiðsla á koltrefjum eða basalttrefjum hefjist hér á landi innan tíðar? –Já. Ég er viss um að innan nokkurra ára hefji koltrefjaverksmiðja starfsemi á Sauðárkróki. Ég er líka ákveðinn í því að tilraunaframleiðsla á basalttrefjum muni hefjast hér innan tíðar og það verði stór iðnaður fyrir okkur á nokkrum árum. Þrátt fyrir minnkandi eftirspurn á öllum mörkuðum heimsins um þessar mundir, geri ég ráð fyrir að heimskreppan muni ganga yfir á 2–3 árum. Við þurfum að vera tilbúin að taka á móti næsta vaxtarstigi að henni lokinni.

og okkar og myndu ekki setja samfélagið á hliðina.

Hvað ertu að tala um stór fyrirtæki? Við erum að tala um 30–40 manns í fyrstu umferð.

Stundum talar þú um koltrefjar og stundum basalttrefjar, er þetta ekki það sama? –Nei þetta er ekki það sama. Koltrefjar eru framleiddar úr tilbúnum efnem sem eiga uppruna sinn í olíu en verða eftir langt framleiðsluferli að koltrefjum. Basalttrefjar eru hinsvegar unnar úr grjóti í ferli sem er mjög keimlíkt framleiðslu á steinull.

■ SJÁVARLEÐUR - ATLANTIC LEATHER

Þekktustu tískuhús heims nota fiskroð

Sjavarleður er ört stækkandi fyrirtæki á Sauðárkróki sem sérhæfir sig í sútun á fiskroði. Hugmyndin að sútun fiskroðs er ekki ný af nálinni og voru steinbitsroð sútuð á Íslandi á árunum eftir seinna stríð. Sú þekking glataðist í árána rás og þegar Loðskinn hf fór að vinna að sútun á roði varð að byrja þróunarvinnu frá grunni. Núna eru roð af fleiri fisktegundum komin í framleiðslu og sölu og nokkrar tegundir á rannsóknarstigi.

Sjavarleður hf. var stofnað í lok árs 1994, eftir að ljóst var að þekking var fengin til að súa roð og framleiða á markað. Fyrirtækið var staðsett í húsnæði sútunarverksmiðjunnar Loðskinn á Sauðárkróki. Þar var verkþekking og möguleiki á að samnýta vélar og vinnukraft. Árið 2007 keypti Sjavarleður Loðskinn ehf. og var það helst húsnæði og vélar í þeim kaupum, en nafnið

Loðskinn er einnig vel þekkt hjá erlendum fyrirtækjum þá helst hjá þeim er kaupa skrautgærur. Annað dótturfyrirtæki Sjavarleðurs er Sauðskinn hf. Það fyrirtæki var stofnað til að halda utan um söltun og sölu á gærum sem falla til á sláturhúsum á haustin. Gærunar fara nær eingöngu óunnar til erlendra kaupenda. Lítil hluti gæranna fara unnar á innanlandsmarkað,



Sjavarleður hlaut hvatningaverðlaun SSNV á síðasta ári.



mest í ferðamannaverslanir.

Aðalframleiðsla Sjavarleðurs eru sútuð fiskroð. Þau eru einkum



notuð í tískuvöru þá aðallega í tösku- og skóframleiðslu. Varan hefur allsstaðar vakið mikla

athygli og þykir mjög nýstárleg og spennandi. Mörg af þekktustu tískuhúsum heims hafa notað fiskleðrið í framleiðsluvörur sínar. Má þar nefna Dior, Prada, Helmut Lang og skóframleiðendur eins og Ecco, Fendi, Nike, Puma og fleiri mætti telja. Íslensku fyrirtækin MKM footwear og Hulddesign eru einnig kaupendur og mjög stórir á íslenskan mælikvarða. Þessi fyrirtæki keyra á roði sem sína sérstöðu.

Sjavarleður hefur hvarvetna fengið jákvæða umfjöllun og þykja gæði leðursins mikil og einn af kostunum sem kaupendur þekkja er að engin fisklykt finnst af leðrinu. Sjavarleður fékk hvatningarverðlaun SSNV árið 2008 og sagði Gunnsteinn Björnsson framkvæmdarstjóri við það tækifæri að það hefði verið ánægjulegt klapp á öxlinu.

Skíðasvæðið í Tindastóli er mikið sótt af íbúum á Sauðárkróki, Skagaströnd og á Blönduósi

■ NÝSKÖPUN Í GRUNNSKÓLANUM AUSTAN VATNA

Krakkar í vöruhönnun



Ólafur Jónsson kokkur var krökkunum innan handar við vöruþróun.

Í vetur hefur 10. bekkur **Grunnskólans austan Vatna** á Hofsósi verið að vinna í nýsköpunarverkefni þar sem viðfangsefnið er að hanna matvælaafurð úr skagfirsku lambakjöti í samstarfi við Kjötöfurðastöð KS. Verkefnið var styrkt úr sjóðnum Sáttmáli til sóknar.

Meðal markmiðanna með verkefninu er að nemendur kynnist þeim möguleikum sem

felast í atvinnulífi í heimbyggð sinni. Ýmsir gestakennarar komu að verkefninu. Fyrsta heimsóknin var frá Lilju Pálmadóttur sem kom og opnaði verkefnið og sýndi krökkunum myndir af sambærilegum verkefnum. Þá var fjallað um næringarfræði, verkefnið Matarkistu Skaga-fjarðar. Þá heimsótti krakkana Ólafur Jónsson, kokkur á Hólum, og fjallaði um óhefðbundnar útfærslur á lambakjöti. Í samráði við hann var tekin ákvörðun um að útbúa fyllt hjörtu, barkasnakk og bbq-ríf. Í framhaldinu átti síðan að hanna umbúðir og

markaðssetja hina nýju vöru. Þá var komið að hlutverki næsta gestakennara sem var Guðný Jóhannsdóttir, ritstjóri Feykis, sem fjallaði um auglýsingar og auglýsingasálfræði og leiðbeindi krökkunum um markaðssetningu vörunnar. Í kjölfarið mætti síðan Þuríður Harpa Sigurðardóttir, grafískurhönnuður, semaðstoðaði við að útfæra hugmyndir fyrir umbúðirnar og auglýsingar á henni.

Næst í ferlinu var Sláturhús KS á Sauðárkróki sótt heim þar sem Ólafur Ágúst Andrésson sýndi krökkunum hvernig starfsemi sláturhússins gengur fyrir sig. Að lokum fóru krakkarnir í heimsókn til Óla kokks þar sem réttirnir voru þróaðir áfram til framleiðslu.

Þegar varan var tilbúin var gestakennurum, styrktaraðilum, foreldrum og öðrum velunnurum boðið til veislu, þar sem krakkarnir kynntu og buðu upp á réttina sem þróaðir voru.





Fjör á unglingslandsmóti á Sauðárkróki 2004

■ VIÐBURÐIR Í SKAGAFIRÐI

Unglingalandsmót á Króknum í sumar

Í Skagafirði er einstakt tækifæri til að njóta bæði ríkulegs menningararfs og blómlegs menningarlífs. Skagafjörður er kjörinn áfangastaður til að upplifa og njóta íslenskrar náttúru, hestamennsku, afþreyingar og viðburða árið um kring.

Tekið til kostanna

Alþjóðlegir hestadagar, Tekið til kostanna, eru haldnir árlega í apríl, fyrstu helgi sumars í Reiðhöllinni Svastöðum. Boðið er upp á fjölbreyttar hestasýningar.

Sæluvika – lista- og menningarhátíð

Sæluvika er aðal lista- og menningarhátíð héraðsins. Sæluvikan stendur í rúma viku, um mánaðarmótin apríl og maí, þar sem hver dagur er með fjölbreytta dagskrá.

Jónsmessuhátíð á Hofsósi

Jónsmessuhátíðin á Hofsósi er haldin helgina eftir Jónsmessuna en Hofsósingar bjóða til ævintýradaga fyrir alla fjölskylduna, frá föstudegi til sunnudags.

Hólahátíð

Hólahátíð er haldin um miðjan ágúst. Dagskráin er meðal annars helgihald, pílgrímagöngur og menningarviðburðir.

SveitaSæla – Landbúnaðarsýning

Landbúnaðarsýning og bænda-hátíð er árleg vöru- og vélasýning með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Reiðhöllinni Svastöðum við Sauðárkrók. Frá föstudegi til sunnudags, þriðju helgina í ágúst.

Laufskálarétt

Laufskálarétt í Hjaltadal er ein vinsælasta stóðrétt landsins en þangað mæta árlega allt að þrjú þúsund gestir. Alla jafna hefst Laufskálaréttarhelgin á föstudagskvöldi með uppskeruhátíð hestamanna í Reiðhöllinni Svastöðum. Um er að ræða hestasýningu og fjölbreytta skemmtidagskrá. Á laugardegnum er réttad og um kvöldið er réttardansleikur. Laufskálarétt er haldin síðustu helgina í september.

Vetrarleikar

Vetrarleikar Tindastóls voru haldnir í fyrsta sinn í lok febrúar á þessu ári, stefnt er að því að gera þetta að árlegum viðburði, þar sem börn og foreldrar geta skemmt sér saman.

Íþróttaviðburðir

Á síðustu árum hafa hinir ýmsu íþróttaviðburðir verið haldnir í Skagafirði, en þar má nefna Skiðalandsmót Íslands, Landsmót hestamanna, Landsmót- og Unglingalandsmót UMFÍ, en Unglingalandsmótið verður haldið í sumar um verslunarmannahelgina á Sauðárkróki.

Landsmót 2010

Landsmót hestamanna eru stærsti viðburður hestamanna á Íslandi, fjölmörg landsmót hafa verið haldin á Vindheimamelum í Skagafirði. Næst verður þar landsmót árið 2010.

Verið velkomin á skemmtilega skagafirsku viðburði allt árið.

Á vefnum www.visitskagafjordur.is finnur þú nánari upplýsingar um ferðapjónustu í Skagafirði.

■ SKAGAFJÖRÐUR

Skemmtilegur í frínu

Svanhildur Pálsdóttir, á Hótel Varmahlíð er í forsvari fyrir Félag ferðapjónustunnar í Skagafirði. Í félaginu eru tæplega 30 fyrirtæki og stofnanir og starfið blómlegt.

Hvernig gengur lífið í ferðapjónustubransanum fyrir sig þessa dagana? – Það gengur bara nokkuð vel, fólk er á fullu að undirbúa sumarið, auk þess sem alltaf er eitthvað um að vera eins og Vetrarhátíðin í Tindastól um daginn sem tókst frábærlega vel og verður vonandi að árvissum viðburði.

Lítur vel út með sumarið? – Já ég er bjartsýn. Einstaklingsbókanir streyma inn þessa dagana og það eru bókanir sem skila sér vel í hús. Það er alltaf meiri óvissa varðandi það hvernig bókast í hópana, það fer þó að líða að því að við förum að fá stöðulista. En bókanir líta mjög vel út hér á Hótel Varmahlíð a.m.k.

Hvað eru margir aðilar í ferðapjónustu í Skagafirði? – Það fer nú eftir því hvernig við skilgreinum ferðapjónustu. Í Félagi ferðapjónustunnar í Skagafirði eru tæplega 30 fyrirtæki og stofnanir sem segja má að byggi sinn rekstur að mestu leyti á ferðamönnum, innlendum sem erlendum. En við megum ekki gleyma því að t.d. bensínstöðvar, sjoppur, bílaverkstæði og verslanir eru allt hluti af ferðapjónustunni á svæðinu þó þau séu ekki endilega skilgreind sem ferðapjónustufyrirtæki.

Er þetta virkur félagsskapur? – Ég tel að félagið okkar sé mjög virkt. Innan þess eru í gangi ýmis verkefni stór og smá, t.d. verkefni varðandi vöruþróun, bókunarmiðstöð, Sturlungu og fleira. Við erum að vinna að útgáfu bæklinga sem kemur út í vor og einnig ætlum við að taka þátt í sýningunni Ferðalög og frístundir sem haldin verður í maí. Svo er það ekki síst mikilvægt að með félaginu eigum við ferðapjónustuaðilar okkar eigin vettvang til umræðna, skoðanaskipta og samvinnu sem er gríðarlega mikils virði.

Þið eruð lögð af stað með heilmikið Sturlunguverkefni, getur þú sagt okkur lauslega frá því? – Já það er alveg hrikalega spennandi verkefni og á örugglega eftir að hafa mikil áhrif á ferðapjónustu í Skagafirði jafnvel strax í sumar, svo ég tali nú ekki um eftir fáein ár. Á

Sturlungaslóð í Skagafirði kallast verkefnið og fór félagið og fleira gott fólk af stað með það sl. sumar. Þá sóttum við um að taka þátt í verkefni á vegum Ferðamálastofu og Impru um menningartengda ferðapjónustu sem kallast Gáttir. Við hlutum stóran styrk og höfum verið að vinna að vöruþróun í allan vetur. Þetta verkefni er búið að vera til í draumum margra hér um slóðir svo árum skiptir og nú loksins erum við komin af stað með að nýta okkur þá möguleika sem sögusvið Sturlungu býður okkur upp á. Það er margt í burðarliðnum og ætlum við okkur nokkur ár í að byggja þetta allt saman upp. Í sumar stefnum við að því að bæta aðengi og merkingar á nokkrum stöðum, einnig á að bjóða upp á gönguferðir um Sturlungaslóðir með lifandi leiðsögn og í ágúst ætlum við að vera með helgarviðburð þar sem fjölskyldan öll ætti að geta notið skemmtilegrar dagskrár. Í framtíðinni munum við svo þrjúna við þetta og koma okkur upp Ásbirningabúð sem verður einskonar miðpunktur Sturlungaslóðarinnar sem teygir anga sína um allan fjörð.

Myndir þú telja að það væri pláss

Akrahreppur er u.þ.b. 220 manna sveitarfélag sem byggir afkomu sína á landbúnaði

fyrir fleiri í Skagfirskri ferðapjónustu? – Já það er ekki vafi á því að það er alltaf pláss fyrir öflugt fólk með góðar hugmyndir. Eftir því sem möguleikarnir eru fleiri t.d. í afþreyingu, því fleiri munu vilja koma og njóta þess sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða, það sama á við varðandi veitingar og gistingu.

Nú ætla ég í ferðalag um landið með fellihýsið mitt í sumar. Ef ég ákveð nú að koma við í Skagafirði og dvelja þar langa helgi hvað myndir þú ráðleggja mér að sjá og gera? – Ég hef alltaf haldið því fram að til þess að geta notið Skagafjarðar í botn þurfi maður að gefa sér góðan tíma. Í afþreyingu er um margt að velja t.d. rafting, hestaferðir og Drangeyjarsiglingar. Einnig er hægt að fara á hestasýningu eða í bað í Grettislaug. Vilji maður frekar fara í hefðbundna sundlaug eru þær fjölmargar í Skagafirði. Samgönguminjasafnið og Vesturfararsetrið á Hofsósi bjóða upp á fjölbreyttar og skemmtilegar sýningar sem höfða til allrar fjölskyldunnar, Minjasafnið á Sauðárkróki kemur einnig skemmtilega á óvart. Svo er frábært að taka sér göngutúr í fjörinni á Hofsósi og fara í Staðarbjargarvíkina, fara með nesti í Litla skóg á Króknum eða upp á Reykjarhólinn í Varmahlíð. Í sumar væri einnig upplagt að skella sér í Sturlungagönguferð með skemmtilegri leiðsögn. Svo þarf náttúrlega að smakka eitthvað gott úr Skagafirsku matarkistunni og er hægt að gera á veitingastöðum í firðinum.

Ég gæti haldið endalaust áfram en ráðlegg þér að lokum að líta á síðuna www.visitskagafjordur.is og koma svo við í upplýsingamiðstöðinni í Varmahlíð og næla þér í þjónustukort, ferðapjónustubæklinginn og bæklinginn; *Skagafjörður – Skemmtilegur í frínu*.





- 200 gr. parísarkartöflur
(smáar kartöflur mega vera forsoðnar)
2 stk. paprika rauð
2 stk. paprika græn
2 stk. paprika gul
1 msk. sítrónupipar
3 msk. smjörlíki
½ tsk. flögusalt.
1 tsk. smátt söxuð steinselja
4 stk. fallegt blaðsalat
4 stk. sítrónubátar
1 gr. steinseljubrísla

Takið bleikjuflökin úr kæli og kryddið með sítrónupiparnum. Skerið paprikurnar í strimla, sjóðið kartöflur og afhýðið (ef ekki eru notaðar forsoðnar), hafið kartöflurnar svolítið stífar.

Hitið pönnu á meðal hita og bræðið eina msk. af smjörlíki. Leggið flökið á pönnuna á fiskhliðina og steikið smá stund. Snúðið við og steikið í gegn á roðhliðinni. Ef pannan er nógu stór má setja paprikuna með þegar fisknum er snúðið. Hitið aðra pönnu og bræðið restina af smjörlíkinu, setjið kartöflurnar í og söxuðu steinseljuna og örlítið af flögusalti. Brúnið kartöflurnar örlítið og takið svo af hitanum. Þegar fiskurinn hefur verið steiktur í 4-6 mín. er hann færður á miðjan skreyttan diskinn, paprikunni raðað fallega yfir flakið og til vinstri hliðar. Kartöflurnar settar hægra megin.

JÓN DANÍEL HJÁ SKAGFIRSKUM MAT

Thai bleikjusúpa

- 1stk. blaðlaukur
1stk. stór gulrót
1stk. lime safi og borkur
Ca. ½ cm sösuð engiferrót
3 geirar hvítlaukur saxaður
1 bolli saxaður koriander
1 msk. tom yam kryddmauk
4 bleikjuflök hreinsuð
og skorin í strimla
2 teningar grænmetiskraftur
1l vatn.
Salt og pipar

Blaðlaukur og gulrót skorin í strimla, engifer og hvítlaukur ristað í potti ásamt grænmeti, kryddi og



bleikju bætt út í. Vatnið látið sjóða í ca. fimm mín og smakkað til. Framreitt með t.d. nanbrauði.

Innbökuð bleikja með rjómaosti.

- 4 góð bleikjuflök. Hreinsuð og krydduð með salti, pipar, timian og rosmarin
200 gr. rjómaostur
12 stk. sólpurrkaðir tómatar
1 pakki smjördeig

Smjördegið flatt út og skorið í fjóra parta. Rjómaosturinn smurður á smjördegið og tómatarinn lagðir á ostinn. Bleikjan lögð þar ofan á og deig-pakkanum lokað og stungið á hann gat.

1 stk egg er hrært saman í skál og deigpakkanir smurðir með því og bakað í ca. 15 mín við 180°C. Borið fram með salati og bakaðri kartöflu.

ÁSKAFFI

Áskaffi fiskisúpa

Hér kemur uppskrift af "Áskaffi fiskisúpu" með Skagfirsku hráefni

- 2 blaðlaukar
2 gulrætur
2 kartöflur
25 gr. smjörlíki (skorið í bita, sett í pott og hitað vel)
1 1/2 L. vatn
1 grænmetisteningur
1 pk. rækjasmurostur
1 tsk. timian
1/2 tsk. turmeric (bætt úttí grænmetið og hitað rölega að suðu)

- 1 stk. Hólableikjuflak
1 stk. Fisk Seafood ýsuflak (fiskurinn er skorinn smátt og bætt út í, látið malla í 3 mín.)
50 gr. Dögumarrækjur (ath. látið rækjurnar út í þegar borið er fram á borð)

Mjög gott er að borða nýbakað rúgbrauð með þessari súpu.

HÓTEL VARMAHLÍÐ

Appelsínumarineruð Hólableikja

Forréttur fyrir 6

- 800 gr. Hólableikja
1 msk. hunang
2 tsk. salt
1 dl. sítrónusafi
½ tsk. svatur pipar
1 msk. ólívuólía
1 dl. appelsínupykkni
20 stk. græn piparkorn
1 msk. söxuð fersk mynta
Börkur og safi úr 1 appelsínu.

Flakið og roðflettið bleikjuna. Skerið í þunnar sneiðar og setjið í skál. Rífið borkinn af appelsínunni með rífarni og setjið í sjóðandi vatn í nokkrar sekúndur. Hellið á sigti og kælið. Kreistið safann úr appelsínunni í skál og blandið út í safann hunangi, salti, sítrónusafa, ólívuólíu og appelsínupykkni. Hrærið vel saman, bætið berkinum út í og myljið grænu piparkornin saman við. Hellið sósunni yfir bleikjuna og blandið myntunni og svarta piparnum vel saman við. Látið marinerast í sólahring. Skreytið með klettasalat og appelsínusneiðum og berið fram með nýbökðu brauði

ÚR MATARKISTU SKAGAFJARÐAR

Hólableikja að hætti heimamanna

Þróunarverkefnið **Matarkistan Skagafjörður** miðar að því að auka þátt skagfirskrar matarmenningar í veitingaframboði á svæðinu þannig að gestir geti notið gæðahráefnis og upplifað menningu svæðisins. Merki Matarkistunnar er ætlað að draga athyglina að mat sem framleiddur er frá grunni eða að hluta í Skagafirði.

Veitingastaðir sem eru þátttakendur í verkefninu merkja þá rétti á matseðli sem eru að stærstum hluta úr skagfirsku hráefni.

Þar má nefna nautakjöt, rækjur, lambakjöt, hrossakjöt, fisk s.s. þorsk og bleikju, brauð og ost, t.d. mozarellaost. Í verslunum í héraðinu er hægt að finna fjölbreytt úrval af skagfirskum matvörum.

FRÁ VEITINGASTAÐNUM UNDIR BYRÐUNNI Á HÓLUM

Pönnusteiktur silungur

Aðalréttur (f. fjóra)
Afar fljótlegur og einkar bragðgóður réttur

- 4 stk. Hólableikjuflök
(ca. 150 gr. stk.)



GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR HJÁ ÍSLENSKU FÁNASAUMASTOFUNNI

Mesta framleiðslan til þessa

„Á síðasta ári framleiddum við milli fjögur og fimm þúsund fána og veifur. Þetta er það mesta á einu ári til þessa og í raun má segja að við höfum rétt haft undan að sauma upp í pantanir“ sagði **Guðrún Þorvaldsdóttir** framkvæmdastjóri Íslensku fánasaumastofunnar á Hofsósi.

Guðrún og fjölskylda hennar tóku við rekstri saumastofunnar árið 1997. Stofan hefur frá upphafi verið á efri hæð útibús Kaupfélags Skagafirðinga.

Guðrún segir að fyrsta árið hafi verið saumaðir liðlega fimm hundruð fána en síðan hafi

verið jöfn og stöðug aukning og ljóst að fólk noti fánann meira en áður. Það er drjúg vinna við hvern fána. Í hann fara ekki færri en 15 stykki sem þarf að sauma saman eftir vissum reglum. Fáninn er framleiddur í sextán mismunandi stærðum. Auk þess

Ópera er sett upp í Skagafirði ár hvert – Tvö fyrirtæki í Skagafirði bjóða upp á rafting



Maria Guðfinnsdóttir til vinstri og Ásdís Kjartansdóttir hampa hér einum nýsaumuðum.

hafa litlar veifur orðið mjög vinsælar síðustu ár kannski vegna þess að þær eru undanþegnar fánalögnum þannig að þær þarf ekki að taka niður að kvöldi.

Þá eru einnig framleiddir fána annarra landa sem oft eru notaðir hér t.d. við íþróttaviðburði og ýmsar heimsóknir erlendra gesta. Fjórar til fimm konur vinna að

jafnaði hjá saumastofunni það hafi hinsvegar verið erfitt að fá konur í saumaskapinn undanfarin ár.

SAMTÖK SVEITAFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

SSNV

SSNV eða **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra**, reka öfluga atvinnuráðgjöf á þremur stöðum á Norðurlandi vestra auk þess sem starfsmenn Vaxtar- og Menningarsamninga vinna undir handleiðslu framkvæmdastjóra SSNV. Höfuðstöðvar SSNV eru á Hvammstanga en útibú eru á Blönduósi og Sauðárkróki.

Með aðstoð SSNV atvinnuþróunar hafa mörg fyrirtæki orðið til undanfarin ár, en önnur hafa eflst eða verið endurskipulögð.

Má þar nefna fyrirtæki á borð við Selasetur Íslands á Hvammstanga, Dýrakotsnammi á Sauðárkróki, Spákonuhof á Skagaströnd, Pottinn og pönnuna á Blönduósi og Léttitækni á Blönduósi. Þá stendur SSNV á ári hverju fyrir vali á fyrirtæki ársins.

Markmið samtakanna eru í aðalþáttum

- að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

- að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra, með ráðgjöf, fundum, málþingum, upplýsingamiðlun til atvinnurekanda og eftir öðrum leiðum.
- að fara með málefni Heilbrigðiseftirlitsins á Norðurlandi vestra.
- að sinna málefnum fatlaðra á Norðurlandi vestra. Megin markmið samningsins við Félagsmálaráðuneytið í þeim málefnum er að samþætta þjónustu við fötlud börn og fulloröna í heimabyggð og fella hana sem framast er unnt að starfssemi annarra

þjónustuaðila, færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni.

- Heimasíða SSNV er www.ssnv.is

Atvinnuráðgjafar SSNV aðstoða einstaklingar og fyrirtæki á margvíslegan hátt, t.d. stofnun fyrirtækja, fjármögnun, gerð viðskiptaáætla, endurskipulag, kynningarverkefnum. Einnig eru alltaf verkefni á vegum sveitarfélaga upp á borðum.

Dreifing starfsmanna um allt Norðurland vestra auðveldar aðgang að þjónustu þeirra, þeir þekkja nærumhverfið sitt mjög vel, en þrátt fyrir þessa dreifingu vinna starfsmenn SSNV saman sem teymi og koma stakir eða sameiginlegar að verkefnum.

Starfsmenn SSNV er boðnir og búnir að aðstoða fólk með góðar viðskiptahugmyndir fyrir svæðið.



Hvammstangi:

Höfðabraut 6, s. 455-2515, Gudrun Kloes, gudrun@ssnv.is

Blönduós:

Hnjúkabyggð 33, Stefán Haraldsson, s. 4554300, stefan@ssnv.is;

Baldur Valgeirsson, s. 4554300, baldur@ssnv.is

Sauðárkrökur: Faxatorg 1, Katrín María Andrésdóttir, s. 4556119, kata@ssnv.is
Nánari upplýsingar á heimasíðu SSNV.

MENNINGARRÁÐ NORÐURLANDS VESTRA

Nokkrar staðreyndir

Menningarráð Norðurland vestra er með aðsetur á Skagaströnd en starfsmaður ráðsins er Ingibergur Guðmundsson.

- Menningarsamningur ríkis og SSNV gildir árin 2007–2009.
- Nú þegar hefur verið úthlutað þrisvar sinnum úr sjóðnum, alls 55 milljónum króna.
- Lægstu styrkir eru 50 þúsund krónur en þeir hæstu 1,5 milljónir króna.
- Alls hafa 142 menningarverkefni verið styrkt.
- Rúmlega 20% af styrkjunum hafa farið til tónlistarverkefna og 18% til verkefna sem tengjast söfnum og varðveislu menningararfsins.
- Úthlutanir verða tvær á þessu ári með umsóknarfresti til og með 12. mars og 15. september.
- Á þessu ári eru um 37 milljónir til úthlutar.



VAXTARSAMNINGUR NORÐURLANDS VESTRA

Atvinnulífið eflt

Markmið með Vaxtarsamningi Norðurlands vestra er að efla atvinnulíf á svæðinu, með því að byggja á styrkleikum þess.

Hvatt er til nýsköpunar og samstarfs í anda klasa. Áhersla er annars vegar lögð á menntun og rannsóknir (einkum auðlindalífætkni og uppbyggingu þekkingarsetra) og hins vegar á menningu og ferðaþjónustu.

Iðnaðarráðuneytið leggur verkefninu til kr. 30 milljónir á ári á og þannig alls kr. 90 milljónir á samningstímabilinu. Til viðbótar koma framlög frá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, ýmist í formi fjár, sérfræðiaðstoðar eða aðstoðu. Samtals er andvirði þessara framlaga um 56 milljónir á þremur árum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef SSNV (www.ssnv.is) og vef Vaxtarsamnings Norðurlands vestra (www.vnv.is).





■ STALDRAÐU VIÐ

Nýir tímar – nýtt upphaf

Norðurland vestra er það svæði sem flestir Íslendingar keyra í gegnum ár hvert á leið sinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Allt of fáir stoppa við, nema þá kannski í sjoppunni. Við viljum hins vegar meina að það sé engin ástæða til þess að keyra lengra og skorum á þig lesandi góður að staldra við, skoða okkur nánar, eyða hjá okkur fríinu í sumar, nú eða hreinlega slást í hóp ánægðra íbúa á Norðurlandi vestra.

- Landfræðilega erum við vel staðsett, best staðsett viljum við meina sjálf. Héðan er stutt í allar áttir.
- Norðurland vestra er samsett úr sjö sveitarfélögum hér að framan eru fimm þeirra kynnt en þau tvö sem út af standa, Akrahreppur og Skagabyggð, bjóða sína grunnþjónustu í samvinnu við Skagafjörð og Skagaströnd.
- Á Norðurlandi vestra eru þrjár heilbrigðisstofnanir á Hvamms-tanga, á Blönduósi og á Sauðárkróki. eru stofnanirnar vel mannaðar læknum og hjúkrunarfólki auk þess sem boðið er upp á sjúkraþjálfun og tannlæknaþjónustu. Þá eru sérfræðingar með samning við stofnanirnar og sækja þær reglulega heim. Öldrunarþjónusta er til fyrirmyndar og án biðlista.
- Menntunarsstig okkar er hátt. Fjöldi leikskóla er á svæðinu og grunnskólar til fyrirmyndar. Þá er fjölbrautaskóli á Sauðárkróki, Farskóli sem býður fjölda námskeiða um allt svæði að ögleglymum Háskólanum á Hólum.
- Menning og afþreying er fjölbreytt. Öflugur stuðningur er við menningarviðburði og á svæðinu starfa ótal leikfélög, kórar og önnur félagsamtök.
- Hestamennska er okkar stóriðja og hátt í 100 aðilar sem hér í héraði hafa atvinnu að hestinum.
- Margar af gjöfulustu laxveiðiam landsins eru á okkar svæði. Má þar nefna Laxá á Ásum, Blöndu, Miðfjarðará og Vatnsdalsá auk margra smærri áa og óteljandi vatna sem gefa fisk. Vötnin á Skaga eru sögð óteljandi.
- Á Norðurlandi vestra er öflugt atvinnulíf og mikið svigrúm fyrir sprotafyrirtæki og frumkvöðla. Atvinnuhúsnæði er tiltölulega ódýrt og vinnuafli stöðugt.
- Börnin verða aldeilis ekki útundan, hér er góð menntun, öflugir tónlistaskólar, íþróttafélög og mikið félagsstarf. Á Norðurlandi vestra alast börnin upp í nálægð við náttúruna og dýrin í sveitinni samhliða félagsstarfi. Hér þarf ekkert skutl og ekkert vesen.

Á Norðurlandi vestra er einfaldlega gott að búa!

Staldraðu við

NÝIR TÍMAR - NÝTT UPPHAF

ÚTGEFANDI: Vinnuarkaðsráð Norðurlands vestra
 TEXTAVINNSLA: Feykir
 FORSIÐUMYND: Þuríður Harpa
 MYNDIR: Feykir, Hinir sömu sf. og margir fleiri
 UMBROT: Nýprent ehf.

